

1	STARFIÐ VETURINN 2007-2008	3
1.1	INNGANGUR	3
1.2	TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR.....	3
1.3	FUNDIR, NÁMSKEIÐ OG FYRIRLESTRAR	9
1.4	VERKEFNI SVIÐSSTJÓRA Á SKÓLAÁRINU	11
1.5	ÞRÓUNARSTARF OG NÝBREYTNÍ	13
1.6	ATBURÐIR Á SKÓLATÍMA	15
2	AÐRAR SKÝRSLUR.....	18
2.1	SKÝRSLA BÓKASAFNS	18
2.2	ERLENT SAMSTARF	27
2.3	SKÝRSLA FÉLAGSMÁLAFULLTRÚA VETURINN 2007-2008	36
2.4	SKÝRSLA FLÓAFÁRSNEFNDAR.....	38
2.5	SKÝRSLA FORVARNARFULLTRÚA	39
2.6	SKÝRSLA KÁTUDAGANEFNDAR	41
2.7	SKÝRSLA UM SKÓLAHALD Á LITLA-HRAUNI	43
2.8	SKÝRSLA NÁMSRÁÐGJAFNA	45
2.9	SKÝRSLA PRÓFSTJÓRA	53
2.10	SJÁLFSMAT	55
2.11	SKÝRSLA UM NÁMSÁRANGUR NEMENDA SEM FENGU SÉRSTAKAN STUÐNING	98

Skólameistari

Sigurður Sigursveinsson til 1. febrúar 2008

Örlygur Karlsson frá 1. febrúar 2008

Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

Áfangastjóri

Ása Nanna Mikkelsen

Skrifstofustjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

Sviðsstjórar

Björgvin E. Björgvinsson

Þórunn Jóna Hauksdóttir

Ægir Sigurðsson

Almennt bóknám

Tungumál

Starfsmenntir, listir og íþróttir

Kennslustjórar

Árni Blandon

Elísabet Valtýsdóttir

Erlingur Brynjólfsson

Hörður Ásgeirsson

Jón Özur Snorrason

Ólafur Bjarnason

Svanur Ingvarsson

Ægir Pétur Ellertsson

Ægir Sigurðsson

Örn Óskarsson

Listgreinar, hússtjórn og íþróttir

Erlend mál, önnur en enska

Samfélagsgreinar

Sérkennsla

Íslenska

Stærðfræði

Verknám

Enska

Starfsnám

Raungreinar

Verkefnisstjórar/fagstjórar

Bryndís Guðjónsdóttir

Elísabet Valtýsdóttir

Gísli Skúlason

Sverrir Geir Ingibjartsson

Fornám

Danska

Lífsleikni

Íþróttir

Fornvarnarfulltrúi

Íris Þórðardóttir

Erlend samskipti

Örlygur Karlsson

Kennslustjóri á Litla-Hrauni

Ingi Stefán Ingason

Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

1 Starfið veturinn 2007-2008

1.1 Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir skólaárið 2007 til 2008. Ýmsar tölulegar upplýsingar koma fram, umfjöllun um innlend og erlend samskipti og helstu verkefni sviðsstjóra eru upptalin. Raktir eru helstu atburðir og fyrirlestrar og námskeið sem haldin hafa verið með kennurum skólans. Upplýsingar um áfanga sem kenndir voru, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira eru fengnar frá kennslustjórum og einstökum kennurum. Ennfremur kemur fram reynsla kennara af ýmsum nýjungum og ýmsar ábendingar.

Á haustönn komu kennarar til starfa 20. ágúst og kennsla hófst miðvikudaginn 22. ágúst. Haustfrí var dagana 26. til 29. október. Síðasti kennsludagur haustannar var föstudagurinn 30. nóvember og brautskráning fór fram 21. desember. Fjöldi nemenda á haustönn var 1026 og 83 nemendur brautskráðust þar af 17 af almennri braut (AU).

Á vorönn hófst skólastarfið föstudaginn 4. janúar með kennarafundi og kennsla byrjaði þriðjudaginn 8. janúar. *Kátir dagar* voru 20. og 21. febrúar og *Flóafár* 22. febrúar. Kennslu lauk 30. apríl og útskrifað var föstudaginn 23. maí. Fjöldi nemenda á vorönn var 866.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Þann 21. júní 2007 voru sendir út 1070 gíróseðlar vegna dagskóla haustannar. Greiddir gíróseðlar voru 1026. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 1026 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Í meistarskóla innrituðu sig 24 nemendur og á Sjúkraliðabré í kvöldskóla 13 nemendur. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 357.

Tafla 1. Aldursdreifing nýinnritaðra skólaárið 2007-8

Aldur	Fjöldi H'07	Fjöldi V'08
Yngri en 16 ára	59	10
16 ára (fæddir 1989)	227	1
17 ára (fæddir 1988)	30	5
Eldri en 17 ára	41	13
Samtals	357	29

Þann 27. desember 2007 voru sendir út 890 gíróseðlar vegna dagskóla vorannar. Greiddir gíróseðlar voru 866. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 866 nemanda í dagskóla í upphafi annar. Í meistarskóla innrituðu sig 26 nemandi og á Sjúkraliðabré í kvöldskóla 13 nemendur. Nýinnritaðir í dagskóla á vorönn voru 29. Í töflu 2 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir skólaárin 2004-2005, 2005-2006, 2006-2007 og 2007-2008.


Tafla 2. Dreifing dagskólanemenda á brautir

	H'04	V'05	H'05	V'06	H'06	V'07	H'07	V'08
Almennar brautir	256	233	259	205	255	236	278	216
Stúdentsbrautir	372	321	391	359	417	403	454	405
Starfsbraut	24	24	27	25	27	26	28	22
Verknámsbrautir og styttri brautir	289	246	292	260	251	214	257	215
Grunnskólanemar					40	33	55	42
Fjöldi nemenda samtals*:	941	824	969	849	849	912	1072	900

*Ath. sumir nemendur eru skráðir á fleiri en eina braut


Á haustönn 2007 voru 24 nemendur í meistaraskóla en 32 nemendur á haustönn 2006. Á vorönn 2008 voru 26 nemandur í stað 31 vorönnina á undan. Á Litlahrauni tóku 14 nemendur próf á haustönn og 17 vorönn en á Sogni tóku 6 nemendur próf á haustönn og 3 á vorönn.

Á mynd 1 má sjá dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2007. Félagsfræðabrautin er stærst með 196 nemendur á haustönn. Náttúrufræðibrautin með 157 nemendur að hausti en málabraut og viðskipta og hagfræðibraut með mun færri nemendur. Á mynd 1 má einnig sjá hvernig kynin skiptast niður á stúdentsbrautir. Konur eru fleiri en karlar á öllum stúdentsbrautum nema náttúrufræðibraut, þetta er svipuð skipting og undanfarin ár.




Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2007

Mynd 2 sýnir dreifingu nemenda á styttri brautir og verknámsbrautir haustið 2007. Mikill meirihluti er á almennri braut en um ríflega helmingur þessara nemenda hafa náð einkunnum sem krafist er inn á aðrar námsbrautir en hafa ekki ákveðið hvaða braut þeir ætla að taka. Hinn helmingurinn eru nýnemar sem féllu í 1-2 samræmdum prófum og hafa ekki náð lágmarkseinkunnum inn á aðrar brautir.



Mynd 2: Dreifing nemenda á styttri brautir og verknámsbrautir á haustönn 2007


Mynd 3 sýnir að langflestir nemendur Fjölbrautaskóla Suðurlands koma frá Selfossi. Alls koma um 92% nemenda af Suðurlandi, frá Þorlákshöfn í vestri og austur í Vík og er það hlutfall nánast óbreytt síðustu ár. Aðrir nemendur koma úr öðrum landshlutum. 6 skiptinemar voru veturinn 2007-2008 og komu frá Venesúela, Ítalíu, Þýskalandi og Noregi.




Mynd 3: Búsetudreifing nemenda í dagskóla af Suðurlandi á haustönn 2006

Í mörgum áföngum er tekið tillit til mætingaeinkunnar í lokaeinkunn áfangans, t.d. í LKN106. Til að fá einkunnina 10 í skólasókn þarf nemandi að hafa mætingahlutfall 98,5-100%, en 1 fá þeir í einkunn sem eru með undir 89,5% mætingahlutfalli.

Myndir 4a og 4b sýna dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2006-7. Skólasóknareinkunnir nemenda eru svipaðar og undanfarin ár, hlutfall þeirra sem hætta er þó lágt á vorönn 2008. 4,8% nemanda hættu á vorönn 2008 samanborið við 7,6% á vorönn 2007.




Mynd 4a: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2007-8 (fjöldi nemenda)




Mynd 4b: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2007-8 (hlutfall af heild)

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Myndir 5a og 5b sýna greinilega að nemendur skila mun færri einingum en þeir velja á haustönn 2007.



Mynd 5a: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2007




Mynd5b: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2007. Af þeim 94 sem luku 0 einingum höfðu 78 hætt á önninni.


Á haustönn 2007 luku 94 einstaklingar 0 einingum en þar af höfðu 78 hætt á önninni. 16 nemendur þreyttu próf og luku engri einingu. Flestir nemendur skólans þurfa að ljúka 9 einingum á önn hið minnsta til að fá ekki fall á önn, nýnemar eru þó undanskyldir þessu ákvæði sem og utanskólanemar. Samkvæmt talnagrunni mynda 5a og 5b ljúka 26% nemenda undir 9 einingum á haustönn 2007, 25% nemenda á haustönn 2006, 29% nemenda á haustönn 2005, 26% nemenda undir 9 einingum á haustönn 2004, 25% nemenda á haustönn 2003 og 18% nemenda á haustönn 2002.

Á haustönn 2007 voru 1026 nemendur í skólanum og 614 þeirra eða 59,84% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2006 var hlutfallið 56,5%, á haustönn 2005 féllu 64,8% í einum eða fleiri áföngum og haustönn 2004 voru það 57,25% sem féllu í einum eða fleiri áföngum.

Mynd 6a sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum er í svipuðu hlutfalli og síðustu ár, um 22%.




Mynd 6a: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2007-8



Mynd 6b: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2007-8 (hlutfall af heildarfjölda nemenda)

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 7 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, Bið á við biðeinkunnir þar sem nemendur hafa ekki náð stafsetningarhluta íslenskuáfanganna 102, 103 eða 202. F stendur fyrir fallið. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára.



Mynd 7: Einkunnadreifing veturinn 2007-8 í dagskóla.

1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Skólaárið 2007-2008 var dagskrá föstudagsfunda og hefðbundinna starfa samkvæmt því sem að neðan er sýnt. Eftir áramót, á vorönninni, brá svo við að snjóþyngsli og veður settu dagskrá fundahalda og annars skólastarfs úr skorðum nokkrum sinnum, þó ekki til lengdar.

Sjálfsmat var fyrirferðamikið á föstudagsfundunum en þó gáfust stundir til annarra faglegra starfa.

Haustönn:

- 20. ágúst: Fyrsti kennarafundur annarinnar
- 22. ágúst: Nemendur mæta í skólann og nýnemar fá tölvukynningu
- 23. ágúst: Kennsla hófst í dagsskóla samkvæmt stundaskrá
- 27. ágúst: Kennsla hófst í meistaraskóla og á sjúkraliðabru
- 31. ágúst: Aðalfundur Starfsmannafélags FSu
- 7. sept.: Samráð fjórskólanna á Akranesi
- 14. sept.: Sjálfsmat
- 21. sept.: Kennarafundur
- 28. sept.: Aðalfundur Kennarafélags FSu
- 5. október: Samráð í fögum
- 12. október: Sjálfsmat
- 19. október: Kennarafundur
- 26. október: Haustfrí
- 2. nóvember: Samráð í fögum
- 9. nóvember: Sjálfsmat
- 16. nóvember: Starfsmannafundur vegna vorferðar
- 23. nóvember: Kennarafundur
- 30. nóvember: Samráð í fögum

Þann 18. ágúst, á fyrsta kennarafundi haustannar, kom m.a. fram að vegna húsnæðisþrenginga var gripið til þess ráðs að *leigja Selið* en það hefur ekki þurft eftir að lða var tekin í notkun. Síðast var Selið leigt á haustönnum 2002 og 2003 og þar áður skólaárin 1992-1993, áður en seinni hluti Odda var tekinn í notkun. Enda var *heildarnemendafjöldi mikill* eða 1090, þar af 1025 í dagskóla. Í þeirri tölu eru reyndar 55 grunnskólanemendur sem stunda (fjar)nám við FSu. Á sjúkraliðabraut eru 13 nemendur og 29 í meistaraskóla.

Þann 7. september fóru 71 starfsmaður FSu á Akranes til skrafs og ráðagerða við kollega sína í Fjölbrautaskóla Vesturlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Samstarf þessara skóla hefur verið um nokkuð skeið en fjölbrautaskólar gáfu t.d. lengi vel út sameiginlegan námsvísi; allt frá 1980 til 1996. Í ljósi nýsamþykktra laga um framhaldsskóla sjá *fjórskólarnir* sér hag í því að gefa út sameiginlegan námsvísi á ný.

Vorönn:

- 4. janúar: Fyrsti kennarafundur annarinnar
- 7. janúar: Sólrún Guðjónsdóttir, kennari við Fjölbrautaskóla Snæfellinga, kynnti kennurum hvernig Grundfirðingar nota námsumhverfi Angel.
- 8. janúar: Nemendur mæta í skólann og kennsla hefst samkvæmt stundaskrá
- 11. janúar: Samráð í fögum
- 18. janúar: Fundur á sal – veikindaskráning kennara í Angel o.fl.
- 25. janúar: Fyrirhuguðum fyrirlestri um starfendarannsóknir frestað til 29. febrúar vegna veðurs
- 1. febrúar: Sjálfsmat
- 8. febrúar: Handleiðsla – kynning
- 15. febrúar: Kennarafundur
- 22. febrúar: Flóafár
- 29. febrúar: Hjördís Þorgeirsdóttir, konrektor Menntaskólans við Hamrahlíð og Sigurrós Erlingsdóttir, kennslustjóri Menntaskólans við Hamrahlíð héldu erindi um starfendarannsóknir (action research)
- 7. mars: Sjálfsmat
- 14. mars: Samráð í fögum
- 21. mars: Páskafrí
- 28. mars: Kennarafundur
- 4. apríl: Kennarafélag FSu – fagráð: Kynnt var nefnd um umhverfismál, umhverfismál í víðu og þröngu samhengi og komandi umhverfisvika
- 18. apríl: Kennarafélag FSu: Um kjaramál, frumvarp til framhaldsskólalaga o.fl.
- 25. apríl: Samráð í fögum
- 20. maí: Kennarafundur

Þann 4. janúar, á fyrsta kennarafundi vorannar, ræddi skólameistari m.a. um þann vanda sem *fráhvarf nemenda* frá námi veldur bæði skólanum og nemendum sjálfum. Á árinu 2007 svarar þetta til rúmlega 100 ársnemenda, eða rúmlega 11% þeirra námseininga sem nemendur í dagskóla lögðu upp með í upphafi annar. Hér er ýmist um það að ræða að nemendur skila sér ekki til lokaprófa/lokamats í einstökum áföngum eða að nemendur hætta alveg í skólanum á önninni. Meðalverð á ársnemanda í FSu skv. fjárlögum 2007 var um 620 þús. kr. þannig að skólinn verður af um 70 milljónum króna vegna umrædds

brottfalls. Það er því ljóst að það er algjört forgangsverkefni allra sem að skólanum koma; nemenda, starfsmanna og foreldra, að draga úr þessu brottfalli þannig að skólavistin skili árangri og skólinn haldi sjó fjárhagslega.

Heildarnemendafjöldi nemenda í dagsskóla var 866, þar af stunduðu 42 grunnskólanemendur nám við skólann. Nemendur á sjúkraliðabru voru 13 og 26 voru skráðir í meistaraskóla.

Á sama fundi, 4. janúar, kom fram að menntamálaráðherra hefði skipað *Örlyg Karlsson í embætti skólameistara* frá 1. febrúar 2008.

Þann 8. febrúar kynntu Jón Özur Snorrason, Ingibjörg Ólög Sigurðardóttir, Þórunn Jóna Hauksdóttir og Anna Þóra Einarsdóttir svokallaða *handleiðslu* en öll hafa þau grunnenntun í henni. Handleiðsla felur í sér skipulagða teymisvinnu þar sem kennarar ræða „vandamál“ til lausnar.

Á hlaupársdegi, 29. febrúar, fræddu þær stóllur frá MS kennara FSu um *starfendarannsóknir (action research)* sem 18 kennarar og starfsmenn vinna að í MS. Markmiðið með þessum rannsóknum á eigin starfi eru að: 1) bæta sig í starfi, 2) fá tækifæri til að þróa eigin starfsaðferðir, 3) styrkja og þróa sjálfsmat, 4) byggja upp námssamfélag, 5) gera námið skilvirkara og innihaldsríkara og 6) bæta námsárangur nemenda. Erindi þeirra Hjördísar og Sigurrósar var mjög fróðlegt og tengist vel þeim starfendarannsóknum sem tungumálakennarar við FSu unnu að í fyrravetur og þeirri handleiðslu sem nú er fyrirhuguð meðal kennara í FSu.

Þann 28. mars, á kennarafundi, kynnti Magnús Þorkelsson, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneytinu, *framhaldsskólafrumvarp* það sem nú er orðið að lögum.

Skólameistaraskipti

Föstudaginn 1. febrúar fóru fram skólameistaraskipti. Sigurður Sigursveinsson lét af störfum eftir 14 ára starf sem skólameistari. Sigurður afhenti viðtakanda sínum í starfi, Örlygi Karlssyni, lykil skólans. Laugardagskvöldið 8. mars var Sigurðarkviða kveðin í kveðjuhófi fyrir Sigurð. Kennarar og starfsfólk gerði sér þá glaðan dag á Riverside á Hótel Selfoss. Sigurðarkviða þótti hin besta skemmtun þrátt fyrir tilefnið.

1.4 Verkefni sviðsstjóra á skólaárinu

Sviðsstjórar funduðu einu sinni í viku á „áttufundi“; með skólameistara, aðstoðarskólameistara, áfangastjóra og námsferilsstjóra, einu sinni í viku með aðstoðarskólameistara vegna sjálfsmats og tveir fundir í viku voru lagðir undir önnur verkefni sem fylgja þeirra starfi. Að auki voru tveir fundir fyrrnefndra aðila með kennslu- og fagstjórum á skólaárinu.

Sviðsstjórar sinntu mest hefðbundnum störfum sem eru ár- og/eða annarviss og mikill tími fór í sjálfsmat. Það hafði nokkur áhrif á störf þeirra á vorönn að ekki fannst sameiginlegur fundartími allra þriggja í stokkatöflu.

Hér er tæpt á nokkrum þeirra verkefna, umræðna og ákvarðana sem sviðsstjórar komu að.

Úrbætur

Á hverju vori skila kennslu- og fagstjórar skýrslu frá sér og sínu fólki og rata þær í skýrslu þessa. Þar koma fram margs konar tillögur um ýmiss konar úrbætur. Sviðsstjórar fara yfir þessar tillögur og koma þeim í framkvæmd í samráði og samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

Móttaka nýrra kennara

Kennarar bera uppi starfsemi skóla yfirleitt – mikilvægt er að vel sé hlúð að þeim. Sérstaklega er mikilvægt að gæta að nýjum kennurum; taka vel á móti þeim og hlúa að þeim fyrsta veturinn. Þetta er vænlegt til að halda niðri starfsmannaveltu niðri og starfsánægju uppi.

Móttaka nýrra kennara var á könnu skrifstofustjóra en það embætti hefur verið lagt niður. Verkið færðist þá yfir til námsferilsstjóra en er ekki í hans starfslýsingu. Ekki er heldur til verkferill við móttöku nýrra kennara. Sviðsstjórar ræddu í skýrslu skólaársins 2006-2007 breytt fyrirkomulag á móttöku nýrra kennara. Það yrði þá á könnu hvers sviðsstjóra að taka á móti nýjum kennurum og kynna þeim skólamenningu og leiðbeina þeim um starfsumhverfi skólans. Kennslu- og fagstjórar myndu svo hafa umsjón með handleiðslu nýrra kennara í viðkomandi kennslugreinum. Sviðsstjórar myndu svo fylgja nýja kennaranum eftir fyrstu önnina/fyrsta skólaárið með reglubundum hætti eða þegar ástæða væri til.

Þetta er eðlileg verkaskipting þar sem rétt er að nýir kennarar eigi greiðan aðgang að næsta yfirmanni kennslustjóra og að sviðsstjórar kynnist þeim kennurum sem tilheyra þeirra sviði. Sviðsstjóri tungumála bað um skriflegar umsagnir nýrra kennara á hans sviði eftir haustönnina, sem staðfesta þörf fyrir breytingu á fyrirkomulagi við móttöku nýrra kennara.

Heimasíða FSu

Eitt meginverkefna sviðsstjóra er að halda heimasíðu skólans ferskri og uppfærðri. Í skýrslu skólaársins 2006-2007 leiddu sviðsstjórar líkum að því að nauðsyn á breytingum myndu væntanlega leiða af sér ákvarðanir á skólaárinu 2007-2008. Reyndist þetta rétt.

Uppfærsla á heimasíðu FSu er ábyrgð sviðsstjóra en töluverðir hnökror eru á öflun upplýsinga, t.d. frá kennslu- og fagstjórum og leiðir frá þeim til uppfærslu upplýsinga of löng. Töluverðar umræður voru milli sviðsstjóra um þörfina á að gerbreyta síðunni; gera hana einfaldari í notkun og uppfærslu og gagnsærri. Umræðurnar náðu líka til „áttufunda“, UT-funda og kennara almennt. Þörfin fyrir endurskoðun síðunnar í þessu stærra samhengi var staðfest í sjálfsmati þar sem síðan fékk falleinkunn í flestum atriðum. Nú hefur verið stofnaður hópur sem gera á tillögur um „nýja“ heimasíðu með svokölluðu Joomla-vefsíðukerfi.

Sjálfsmat

Mikið var að gera á skólaárinu við sjálfsmat og fór nokkur hluti af tíma sviðsstjóra í það. Nú var hringum við sjálfsmat á skólanámskrá skólans lokað og unnið að úrbótum í samræmi við niðurstöður. Meðfram þessu höfðu sviðsstjórar frumkvæði að könnun á

tölvunotkun og þörf fyrir námskeið á því sviði næsta vetur. Eftir umræður var einnig gerð könnun á mötuneytismálum starfsfólks.

Valáfangar á námsbrautum

Í tengslum við val á brautir kom upp umræða um valáfanga einstakra brauta, sérstaklega almennra brauta. Á þeim er val oft takmarkaðra en á öðrum brautum. Spurningin er hvort ekki megi auka val ýmissa bóknámsáfanga svo nemendur hafi úr meiru að móða. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi brottfalls ungra nemenda. Nefna má t.d. nemandu sem fellur í stærðfræði og fer þ.a.l. á AU en fékk glimrandi einkunnir í öðrum samræmdum greinum. Með nýrri námskrá er tækifæri til að endurskoða þetta.

Samstarf og samvinna FSu við aðila utan skólans

Nokkuð var rætt um samstarf og samvinnu FSu við aðra skóla, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Þykir þörf á endurnýjun og eflingu þessarar samvinnu svo FSu megi þróast í takt við umhverfið og atvinnulífið á Suðurlandi.

Skyndihjálparnámskeið

Í skýrslu skólaársins 2206-2007 var ímprað á hugmyndum sviðsstjóra og vilja starfsfólks um að komast á skyndihjálparnámskeið. Stjórnendur brugðust vel við þessu; var námskeið haldið á Kátum dögum og þótti heppnast vel.

Kynningarglærur um FSu

Á hverjum vetri þræða námsráðgjafar grunnskóla á Suðurlandi og kynna dásemdir Fjölbrautaskóla Suðurlands. Þykir þeim tími til kominn að endurskoða kynningu sína, þ.m.t. glærurnar sem þeir hafa stuðst við. Þar sem betur sjá augu en auga skiluðu sviðsstjórar tillögum sínum og athugasemdum um kynninguna til námsráðgjafa og stjórnenda.

1.5 Þróunarstarf og nýbreytni

Fjölbrautaskóli Suðurlands fékk fjóra styrki til þróunarstarfs úr Þróunarsjóði framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu fyrir skólaárið 2007-2008.

Efling sjálfsmyndar og félagsfærni nýbúa

Verkefninu stýrðu Jón Özur Snorrason og Lárus Ágúst Bragason. Kennsla fór fram í áfanga þar sem erlendum nemendum skólans, nýbúum og skiptinemum var kennd lífsleikni.

Samvinna við grunnskóla á Suðurlandi

Verkefninu stýrði Þórunn Jóna Hauksdóttir. Starfið í vetur fólst í að taka saman upplýsingar um hvernig samvinnu við grunnskóla hefur verið háttað hingað til, setja það í fastar skorður og gera samskipti skólastiganna einföld, gagnsæ og árangursrík. Mikilvægt er að sem flestir framúrskarandi grunnskólanemendur á Suðurlandi sjái hag sinn í að taka einingar við FSu meðfram námi í grunnskóla og innritast svo í skólann að loknu grunnskólanámi.

Fjögurra skóla mat

Verkefninu stýrðu skólameistari og aðstoðarskólameistari. Starfið í vetur er framhald ágæts samstarfs milli Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Áfram var unnið með sjálfsmat en einnig undirbúin vinna fyrir nýja námskrá skólanna út frá nýsamþykktum lögum um framhaldsskóla. Í því starfi fengu skólarnir til liðs við sig Jón Torfa Jónasson prófessor.

Handleiðsla – teymisvinna

Verkefninu stýrði Jón Özur Snorrason og fékk hann til liðs við sig Ingibjörgu Ó. Sigurðardóttur, Þórunni Jónu Hauksdóttur og Önnu Þóru Einarsdóttur. Starfið fólst í að kynna handleiðslu fyrir kennurum skólans og kanna áhuga á þátttöku í verkefninu og var hann nokkur. Verkefninu er ólokið. Vonandi verður farið í markvissa handleiðslu á næsta skólaári til ánægju og árangurs fyrir kennara svo þeir megi vaxa í starfi.

Samþykktar styrkumsóknir í Þróunarsjóð framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu fyrir næsta vetur eru vegna þróunar og skipulagningar námsbrautar í hestamennsku, samskipta við framhaldsskóla í Kína og vegna smiðjunáms.

Comeniusarverkefni

FSu tekur þátt í Comeniusarverkefni sem ber heitið Global Warming – I can make a difference ásamt skólum frá Austurríki, Frakklandi og Spáni. Kennararnir Ester Ýr Jónsdóttir, Ólafur Einarsson og Örn Óskarsson stýra verkefninu í FSu.

Sjálfbóðið starf

Í vetur var í fyrsta sinn boðið uppá SBS 172 þar sem markmiðið er að nemendur kynnist sjálfböðnu starfi hjá Rauða krossi Íslands og e.t.v. fleiri aðilum. Var áfanginn í samstarfi við Rauða kross Íslands.

Styrkur til náttúrufræðideildar FSu

Sem dæmi um samstarf skólans og utanaðkomandi aðila má nefna gjöf Árvirkjans til náttúrufræðideildar FSu. Árvirkinn gaf tæki til nota við verklega kennslu m.a. í líftækni.

Útrás FSu í náms- og starfsráðgjöf

Þann 6. mars hóf Anna Fríða Bjarnadóttir störf á Litla-Hrauni sem náms- og starfsráðgjafi. Hún mun einnig sinna föngum í öðrum fangelsum á landinu en Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur yfirumsjón með þeirri námsráðgjöf sem tengist fangelsum í landinu.

Umhverfisnefnd

Í samræmi við tillögur að úrbótum frá skólaárinu 2007-2008 var stofnuð umhverfisnefnd við skólann. Markmiðið er að fá viðurkenningu með grænánanum svokallaða. Umhverfisnefndin var virk í störfum sínum og tók starfsfólk jafnt sem nemendur vel í ákafa hennar. Betra er þó að þessa sjái merki í verki en ákveðið hefur verið að næsta vetur verði ræstingafólk í tiltekt á skólatíma í rými skólans þar sem frágangi hefur verið ábótavant af notendum.

Skráning veikinda kennara í Angel

Í vetur var sú nýbreytni tekin upp að skrá veikindi kennara í Angel. Með þessu geta nemendur séð hvort kennslustundir falla niður áður en lagt er af stað um langan veg í skólann. Mæltist þetta vel fyrir hjá nemendum, kennurum og starfsfólki skrifstofu.

Endur- og viðbætur við skólahúsnæði FSu

Gagngerum endurbótum á Bollastöðum, kaffistofu kennara, lauk á haustönninni. Þær fólust m.a. í að stækka svæðið þar sem er drukkið og matast og keyptar fullkomnar græjur til hitunar og eldunar. Samhliða þessu var athvarf fyrir ræstitækna fært, bóksalan var sömuleiðis færð sem og ýmsir starfsmenn færðir til innanhúss.

Bygginganefnd vegna viðbyggingar við verknámsaðstöðuna í Hamri var skipuð. Þarfagreiningu er lokið og hefur hún verið kynnt í ráðuneyti menntamála.

1.6 Atburðir á skólatíma

Margt fer fram innan veggja FSu sem tilheyrir ekki hefðbundnum skólastarfi og skólastarfið teygir sig út fyrir veggja skólans. Hér eru tíundaðir nokkrir þessara atburða.

Söngkeppni starfsbrauta í FSu

Söngkeppni starfsbrautanna 2007 var haldin á sal skólans 8. nóvember. Um 200 manns snæddu kvöldverð í skólanum og söngkeppnin var svo strax í kjölfarið og að henni lokinni var slegið upp diskóteki.

Dagur íslenskrar tungu

Að vanda var dagur íslenskrar tungu haldinn hátíðlegur. Stigi Jónasar var afhjúpaður en hann er gott dæmi um þverfaglega samvinnu milli deilda. Mál voru tekin af stiganum í Kaupmannahöfn þar sem Jónas Hallgrímsson datt um árið og nákvæm eftirlíking í smærri hlutföllum smíðuð í FSu. Kórinn sögn og veitt voru verðlaun í ljóðasamkeppni íslenskudeildar og bókasafns skólans.

Þjóðleikhúsið í heimsókn

Fimmtudaginn 31. janúar kom Þjóðleikhúsið í heimsókn og flutti tvær leiksýningar af verkinu Norway.today. Um 400 nemendur sáu sýningarnar í sal skólans.

Tónlistarskóli Suðurlands í heimsókn

Föstudaginn 9. maí voru nemendur í Tónlistarskóla Árnesinga með uppákomu í miðryminu. Undir stjórn bresks tónlistarkennara börðu þeir bumbur og léku á margskonar ásláttarhljóðfæri.

Queen-tónleikar

Miðvikudaginn 21. maí hélt kór Fjölbrautaskóla Suðurlands tónleika í lðu undir stjórn Stefáns Þorleifssonar. Með kórnum sungu og spiluðu Magni Ásgeirsson, Gyða Björgvinsdóttir og Djazzband Suðurlands. Mörg hundruð manns sóttu tónleikana og „generalprufuna“ sem var kvöldið áður.

Sætir sigrar

Í FSu leggja sig allir fram við nám og kennslu. Nemendur og kennarar standa sig vel víðar en innan veggja skólans.

Gettu betur

Keppnislið Gettu betur stóð sig afar vel í keppninni í vetur. Liðið skipuðu Páll Óli Ólason, Sigurður Rúnar Rúnarsson og Stefán Hannesson en liðið þjálfaði Hannes Stefánsson. Komust þeir í gegnum keppni í útvarpi og mættu liði MA í sjónvarpssal 8. febrúar þar sem þeir töpuðu á lokasprettinum.

Keppnin er ekki síður eftirminnileg vegna ófyrirséðra áhrifa veðurs. Niðurstaðan var sú að liðin kepptu í sjónvarpssal í Reykjavík en sýnt var frá stuðningsmönnum beggja liða sem voru heima í héraði.

Kennarar góðir í golfi

Föstudaginn 14. september kepptu Ester Ýr Jónsdóttir, Grímur Lúðvíksson, Jón Özur Snorrason og Kjartan Ólason fyrir hönd FSu í árlegu golfmóti starfsfólks framhaldsskólanna. Lenti liðið í öðru sæti.

Örleikritasamkeppni

Nemendur kepptu í örleikritasamkeppni Þjóðleikhússins og Listaháskóla Íslands. Leikrit Adams Hoffritz, Árna Arasonar og Guðmundu Ólafsdóttur voru valin til uppfærslu á stóra sviði Þjóðleikhússins 1. mars en alls voru fimm leikrit sýnd. Úrslit keppinnar voru þau að Guðmunda hreppti 1. sætið og Árni það þriðja.

Forritunarkeppni framhaldsskólanna

Laugardaginn 8. mars tók liðið „FSu og FSn“ þátt í forritunarkeppni framhaldsskólanna og náði 3. sæti. Liðið fékk ennfremur verðlaun fyrir frumlegustu lausnina. Liðið skipuðu Jónatan Óskar Nilsson, Sigurður Fannar Vilhelmsson frá FSu og Gabríel Arthúr Pétursson frá FSn.

Knattspyrnuakademían

Í lok skólaárs 2007 hafði knattspyrnuakademían starfað einn vetur. Hluti iðkenda í akademíunni eru iðkendur með UMFS í knattspyrnu. Sumarið 2007 varð karlalið knattspyrnudeildar UMFS í 2. sæti 2. deildar og vann sér þar með þátttökurétt í 1. deild sumarið 2008.

Körfuboltaakademían

Í apríl komst lið FSu í körfuboltanum í úrvaldsdeild með sigri á Val í þriðja leik liðanna. Í sama mánuði gerði lið FSu í unglíngaflokki það einnig gott og varð unglíngameistari með sigri á Fjölni.

Handboltaakademían

Iðkendur akademíunnar æfa með UMFS í handbolta. Í apríl urðu strákarnir í 3. flokki karla í handknattleik deildameistarar með sigri á Haukum. Í sama mánuði sigruðu þeir aftur Hauka og urðu Íslandsmeistarar í handbolta. Þá hafa fjórir piltar í akademíunni æft og spilað með landsliði U18 í vetur.

Hestamennska

Tólf framhaldsskólar tóku þátt í framhaldsskólamóti í hestaíþróttum í apríl. Lið FSu lenti í öðru sæti og var Hekla Katharína Kristinsdóttir, nemandi FSu, stigahæsti knapinn.

Gefðu betur – Blóðbankinn

Annað árið í röð þurftu aðrir framhaldsskólar að lúta í gras fyrir blóðgjöfum FSu í keppninni Gefðu betur. Keppnin er á vegum Blóðbankans og felst í að gefa sem mest blóð – nemendur og starfsfólk FSu gaf 36,75 lítra af blóði.

Ný löggjöf um framhaldsskóla

Nú á vordögum voru samþykkt ný lög um framhaldsskóla. Í lögnum er að finna ýmsar veigamiklar breytingar frá núverandi löggjöf. Einstakir framhaldsskólar munu nú skilgreina námsbrautir, m.a. til stúdentsprófs og starfsréttinda, og leita staðfestingar á þeim hjá menntamálaráðherra. Gert er ráð fyrir að tekið verði upp nýtt einingakerfi, m.a. með hliðsjón af einingakerfi háskóla og er gengið út frá því að ársvinna nemenda miðist við 60 einingar (eins og á háskólastiginu). Réttur nemenda til náms í framhaldsskólum til 18 ára aldurs er afdráttarlausari en nú er. Gert er ráð fyrir að nemendur geti lokið námi í framhaldsskóla með svokölluðu framhaldsskólaprófi eftir u.þ.b. tveggja ára nám. Stúdentspróf á áfram að vera góður undirbúningur fyrir háskólanám, en lögbundinn kjarni þess tekur einungis til íslensku, ensku og stærðfræði ásamt því að gert er ráð fyrir að verknámseiningar geti í auknum mæli verið hluti af námi til stúdentsprófs. Í lögnum er ekki að finna nein ákvæði um styttingu námstíma til stúdentsprófs en gert er ráð fyrir því að skólaár nemenda lengist um eina viku og verði nú 180 dagar á ári. Gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið gefi áfram út almennan hluta aðalnámskrár og mun þar t.d. verða að finna nánari viðmið um skilyrði þess að námsbrautartillögur framhaldsskólanna verði samþykktar. Framhaldsskólalögin voru samþykkt samhliða samþykkt lögum um leikskóla, grunnskóla og menntun kennara og skólastjórnenda.

Samningar framhaldsskólakennara lausir

Samningar Félags framhaldsskólakennara voru lausir 30. apríl. Samninganefnd félagsins hefur átt í viðræðum við Launanefnd ríkisins síðar um áramót.

Ferð til Nova Scotia í Kanada

Frá 24. maí til 30. maí voru samtals 110 starfsmenn og makar í náms- og kynnisferð til Nova Scotia í Kanada. Sigurður Sigursveinsson, fyrrverandi skólameistari, var fararstjóri og bar hitann og þungann af skipulagningu. Ferðin var lærdómsrík og áhugaverð.

2 Aðrar skýrslur

2.1 Skýrsla bókasafns

Starfsfólk:

Starfsmenn bókasafnsins voru tveir. Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir, forstöðumaður safnsins og Steinunn Óskarsdóttir og voru þær báðar í fullu starfi. Stöðugildi við safnið eru 2.0.

Opnunartími:

Bókasafnið var opið mánudaga til fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og á föstudögum 8:00-15.00. Opnunartími safnsins er 41 klst. á viku.

Kennsla hefst á morgnana kl. 8:20 og lýkur kl. 15:55 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 14:50.

Útlán:

Útlán safngagna eru að hluta til tölvuvædd. Í ágúst 2007 var hætt að nota útlánaþátt Metrabókar, sem hefur verið bókasafnskerfi FSu um árabíl. Nú fara öll tölvuvædd útlán fram í Gegni. Útlán á því safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis (ekki komið inn í aðalgrunninn) eru handfærð í ákveðna bók. Tímaritin eru ekki strikamerkt og almennt ekki lánuð út, nema í tengslum við verkefnavinnu nemenda og til kennara. Útlán tímarita eru skráð í sérstaka bók í afgreiðslu. Einnig eru útlán starfsmanna skólans utan opnunartíma bókasafnsins færð í sömu bók. Lán innan skólans, þ.e. skammtímalán á orðabókum og kennslubókum eru handfærð og talin eftir hvern dag. Algengt er að bækur séu lánaðar út á svokallað bundið lán. Þá er safnefni bundið inni á safni og ekki lánað út og gert er ráð fyrir að nemendur vinni að verkefnum á safninu, ýmist í kennslustundum eða í töflueyðum. Með þessu móti er unnt að tryggja aðgang nemenda að efni og mikilvægt er að kennarar láti starfsmenn bókasafns vita af væntanlegum verkefnum í tæka tíð. Þetta safnefni er skráð á viðkomandi stofu í útlán.

ÚTLÁN:	HAUST 2007	VOR 2008	SAMTALS:
Í TÖLVU	1052	1211	2263
Í BÓK	509	418	927
INNAN SKÓLANS	4613	4122	8735
SAMTALS:	6174	5751	11925

Útlán hafa dregist saman um 3,4 % frá fyrra skólaári. Síðastliðin þrjú ár hefur dregið úr útlánum sem er vissulega áhyggjuefni og vísbending um að nemendur noti netið í auknum mæli við heimildaöflun. Leggja þarf aukna áherslu á notkun ritaðra heimilda í verkefnavinnu.

Útlán í tölvu eru nú 2263 en voru fyrir ári 3404. Að vísu er hluti safnkostsins ekki kominn inn í Gegni og þau útlán eru skráð í bók, alls 927 en voru aðeins 221 í fyrra. Þetta skýrir að vissu leyti færri útlán í tölvu. Útlán innan skólans standa nánast í stað frá fyrra skólaári. Nemendur notfæra sér í ríkum mæli skammtímalán, m.a. á enskum orðabókum,

kennslubókum og fá gjarnan lánað heim yfir nótt bækur til verkefnavinnu. Skilvísí nemenda er yfirleitt góð.

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 175 á skólaárinu. Til samanburðar þá voru millisafnalán á fyrra skólaári 103. Greinilegar sveiflur eru á millisafnalánum milli skólaára og fer það eftir þörf nemenda og kennara fyrir safnefni sem ekki er til á bókasafni FSu. Mikið var fengið að láni frá Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi og frá Skólaskrifstofu Suðurlands. Einnig var leitað til bókasafna á höfuðborgarsvæðinu, auk bókasafna í öðrum framhaldsskólum. Allnokkrar hljóðbækur voru fengnar að láni frá Blindrabókasafni Íslands fyrir seinlæsa nemendur sem ekki hafa fengið greiningu um lesblindu.

Millisafnalán frá:	Haustönn 2007	Vorönn 2008	SAMTALS:
Bækur frá söfnum	21	42	63
Myndbönd og mynddiskar frá söfnum	18	31	49
Hljóðbækur	6	2	8
Geisladiskar frá söfnum	13	27	40
SAMTALS:	58	102	160

Millisafnalán til:	Haustönn 2007	Vorönn 2008	SAMTALS:
Bækur til safna	4	9	13
Myndbönd og mynddiskar til safna	2		2
SAMTALS:	6	9	15

Samstarf við önnur söfn:

Samskipti við önnur bókasöfn á Suðurlandi eru mikil. Mest er samstarfið við Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi, einkum í formi millisafnalána og samráðs um ýmis mál. Blásið var lífi í samstarf bókavarða á Árborgarsvæðinu og mætti forstöðumaður á fund í Vallaskóla, Sandvík þann 6. febrúar. Annar fundur var haldinn í apríl í Sunnulækjarskóla en forstöðumaður sá sér ekki fært að mæta sökum anna. Á þessum fundum gefst gott tækifæri til að ræða sameiginleg hagsmunamál safnanna, t.a.m. skráningu og hvernig auka megi lestur barna og unglunga.

Hópur bókavarða á Suðurlandi hefur um árabil hist reglulega í lesklúbbi sem er um leið góður vettvangur til skoðanaskipta um bókmenntir og allt það sem tengist starfsemi bókasafna á einn eða annan hátt. Í ágúst 2007 fór lesklúbburinn til Englands á slóðir skáldkonunnar Jane Austen.

Listar yfir kjörbækur í íslenskuáföngum við FSu eru sendir í upphafi hverrar annar til almennings- og skólasafna á Suðurlandi. Söfnin hafa þá tekið frá bækur á listunum og sett þær á styttri útlánstíma.

Bókasöfn framhaldsskólanna starfa mikið saman og töluvert samráð er um ýmis hagsmunamál er varða starfsemi og rekstur þeirra. Fundir eru haldnir þrisvar til fjórum

sinum á skólaárin, virk skoðanaskipti og samstarf fara einnig fram á póstlistanum frh-bok.

Gegnir:

Landskerfi bókasafna Gegnir <http://www.gegnir.is> hefur verið starfrækt frá árinu 2003. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og markmið kerfisins er að tryggja aðgang að safnkosti bókasafna. Rúmlega 200 bókasöfn á landinu eiga nú bókfræðifærslur sínar í Gegni.

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands tók Gegni í notkun sumarið 2006. Þann 26. maí það ár var formlega hætt að skrá nýtt efni í Metrabók og bókfræðifærslur sendar í yfirfærslu til Ásmundar Eiríkssonar, sem á sínum tíma hannaði Metrabókina. Yfirfærslan tókst vonum frammar, um 45% af öllum skráningarfærslunum fóru yfir. Alls voru 14.411 skráningarfærslur í bókasafnskerfinu Metrabók þegar yfirfærslan átti sér stað. Af þeim fjölda tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfnuðu í svonefndum hliðargrunni sem eru lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna.

Þau söfn sem notuðu bókasafnskerfið Metrabók og fóru í sameiginlega yfirfærslu sumarið 2006 hafa frá þeim tíma unnið að því í sameiningu að fara yfir færslurnar, lagfæra þær eftir þörfum og flytja þær yfir í aðalgrunninn.

Núna í júní 2008 eru 5.558 færslur frá bókasafni FSu í hliðargrunninum en þær voru 6.058 fyrir ári síðan. Vinna við yfirfærsluna er tímafrek og mikið nákvæmnisverk. Ljóst er að nokkur bið verður á því að allt safnefni FSu sem er í hliðargrunni verði komið yfir í aðalgrunninn en unnið er að þeirri vinnu jafnt og þétt samhliða öðrum störfum.

Bókfræðifærslunum í umræddum hliðargrunni má skipta í tvo hluta. Í fyrsta lagi eru það færslur sem eiga sér samsvörun í aðalgrunni Gegnis, en tókst ekki að færa yfir. Aðferðin við að færa þannig færslur yfir er sú að hliðargrunnsfærslan er afrituð og límd yfir í færsluna í aðalgrunninum og allar eintakaupplýsingar fylgja með. Í öðru lagi eru það færslur eiga sér enga samsvörun í Gegni, þær þarf að yfirfara og leiðrétta eftir þörfum, athuga hvort þær eru ekki í réttum skráningarsviðum o.s.frv. áður en hægt er steypa þeim yfir. Allar upplýsingar um eintakastöðu, þ.e. strikamerki og staðsetningu fylgja færslunni yfir í aðalgrunninn.

Útlánapáttur Gegnis var tekinn í notkun í ágúst 2007 og þar með var hætt að lána bækur út í Metrabók. Þessi umskipti gengu vel fyrir sig en vissulega urðu það mikil viðbrigði að þurfa nú að panta vanskilalista, lista yfir útistandandi safnefni, rukklista og aðfangalista með ákveðnum fyrirvara. Námskeið í kerfiskeysrlum í Gegni sem haldið var nú í vor var mjög gagnlegt en þar var kennt hvernig er hægt að sækja vanskilaskrár, aðfangalista o.fl. En safnið þarf engu að síður að biðja sérstaklega um rukkskrár og útprentun á rukkunarmiðum.

Haustið 2007 var skráningarpáttur Metrabókar tekinn úr notkun. Allt nýtt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni, þó eru kvikmyndir á mynddiskum ennþá skráðar í Metrabók. Aðföng tímarita eru einnig færð í Metrabók.

Metrabókin er aðgengileg á heimasíðu bókasafnsins og verður það væntanlega áfram þar til meginhluti safnkostsins verður kominn yfir í Gegni.

Kostnaður við Gegni er um 23.000 kr. á mánuði og skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins. Virðisaukinn er 24,5% og fær skólinn hann endurgreiddan. Heildarkostnaður við þátttöku í Gegni á árinu 2007 nam kr. 244.249. Kostnaður per. nemanda á ári, ef miðað er við 900 nemendur, er því kr. 271 eða um 22 krónur á mánuði.

Gagnasöfn:

Íslendingar hafa landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefsíðunni <http://www.hvar.is>. Alls eru um 14.000 tímaritatitlar í boði.

Heildarkostnaður við landsaðganginn fyrir árið 2008 er 125 milljónir króna og skiptist milli bókasafna og opinberra stofnana. Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði. Fjölbrautaskóli Suðurlands greiðir kr. 74.127,- á árinu 2008 fyrir landsaðganginn. Greitt fyrir hlutdeild að eftirtöldum gagnasöfnum: Britannica, Ebsco-Host-söfn, Grove Art, Grove Music, Greinasafn Morgunblaðsins, ProQuest 5000 og Web of Science en samtals kosta áskriftir að þessum gagnasöfnum 27,2 milljónir á árinu 2008.

Í landsaðganginum er boðið upp að opinn aðgang að Gagnasafni Morgunblaðsins að undanskildu efni síðustu þriggja ára. Bókasöfn framhaldsskólanna náðu hagstæðum samningi við gagnasafn Mbl.is varðandi aðgang að öllu gagnasafninu, þ.e. líka efni þriggja síðustu ára. Nú greiðir FSu um 4.000 kr. á mánuði fyrir opinn aðgang í öllum tölvum skólans með svonefndri lénsáskrift í gegnum IP-tölu. Einnig fær safnið eitt pappirseintak af Morgunblaðinu.

Skólinn hefur notið þess, líkt og aðrir skólar landsins á liðnu skólaári, að Kaupþing banki hf. bauðst til að greiða fyrir aðgang að vefbókum Eddu. Vefbækurnar eru safn verka á rafrænu formi, s.s. orðabóka og annarra uppfléttirit.

Doktor.is, gagnasafn um heilbrigðismál og sjúkdóma hefur verið opið sl. vetur í tölvum sem tengdar eru tölvuneti skólans. Skólavefurinn var opinn í nokkurn tíma á vorönninni fyrir fornámsnemendur.

Opnað var fyrir rafrænan aðgang að Bókum og bókaútgáfu hjá Miðlun í febrúar. Safnið var áskrifandi að Bókum og bókaútgáfu um árabíl en eftir að efnislykill var tekinn út í sparnaðarskygni nýttist þetta efni illa. Í rafræna aðganginum er boðið upp á að keyra út skrár eftir tímabilum og fá þær á pdf-formi. Síðan er hægt að leita í skránni en það gengur misvel. Auðveldast er í raun að prenta út hvern mánuð fyrir sig og leita svo eftir ritdómum með því að fletta í gegnum síðurnar.

Safnkennsla:

Nemendur í LKN 106 koma í safnkynningu bæði á haustönn og vorönn. Safnkynningin tekur eina kennslustund (80 mín.) og er stutt kynning á safninu og safnkosti og þeirri þjónustu sem í boði er. Kennar eru leitir í ýmsum gagnasöfnum, svo sem í Gegni Metrabók, gagnasafni Morgunblaðsins, Britannicu og einnig leitir almennt á netinu. Í lok tímans vinna nemendur verkefni á bókasafni sem miðar að því að þjálf þá í að nota bókasafnskerfi, leita að safngögnum og staðsetningu þeirra á safninu.

Sl. haust var NÁT 106 áfanginn stokkaður upp og ákveðið að skipta honum upp í tvo áfanga, NÁT 113 og NÁT 123. Það var einkar ánægjulegt að fá beiðni frá kennurum í NÁT 123 um safnkennslu. Í henni er megináhersla lögð á leitir á netinu og kynnt ýmis gagnasöfn, erlend og innlend. Nemendur vinna svo verkefni sem gildir til einkunnar.

Það hefur færst í vöxt að íslenskukennarar óski eftir safnkynningum. Á liðnu skólaári voru haldnar stuttar kynningar fyrir nemendur í ÍSL 212 og ÍSL 203. Þá eru kynnt fyrir þeim helstu upplýsingaleiðir og gagnasöfn sem nýtast þeim við skrif heimildaritgerða. Á vorönninni gafst tækifæri til að kynna fyrir nemendum í ÍSL 503 hvernig þeir gætu nálgast umsagnir og umfjöllun um ákveðin skáldverk og rithöfunda. Almennt eru nemendur jákvæðir gagnvart þessum kynningum og það mætti gera meira af því að fara í kennslustundir til þeirra sem lengra eru komnir í námi.

Til að safnkynningar skili árangri verður að fylgja þeim eftir með markvissri verkefnavinnu og heimildaleit á bókasafni. Nemendur öðlast þá öryggi í að leita á safninu og sjá einnig tilgang með því að gera það. Efla þarf upplýsingalæsi nemenda og sporna gegn ritstuldi (plagiarism) af netinu sem er að verða mikið vandamál. Jafnvel mætti setja það sem skilyrði að nemendur noti að jafnaði eina til tvær prentaðar heimildir, þ.e. útgefnar á prenti.

Skráning:

Skráning safnkosts og frágangur hans er stór liður í starfi safnsins. Lögð er rík áhersla á að skrá nýtt safnefni jafnóðum og það berst. Eldra safnefni er skráð eftir því sem tími vinnst til svo og bókaþjafir frá ýmsum aðilum.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að 115 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Einnig á safnið mörg eldri tímarit sem hætt hefur verið útgáfu á. Eldri tímaritin eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins.

Öll tímarit í eigu safnsins eru tölvuskrað í Metrabók og aðföng hafa til þessa verið skráð í Metrabók. Vonir standa til að innan fárra ára verði þau skráð í Gegni.

Aðföng og skráning 2007-2008:

<u>Aðföng</u>	<u>Haustönn 2007</u>	<u>Vorönn 2008</u>	<u>Samtals</u>
Bækur	314	224	538
Myndbönd		1	1
Mynddiskar (DVD)	9	26	35
Geisladiskar	3		3
Margmiðl.diskar	3	4	7
Hljóðbækur	13	7	20
Spil/leikjakassar			
Glærur			
<u>SAMTALS</u>	<u>342</u>	<u>262</u>	<u>604</u>

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

<u>Bækur og nýsigögn</u>	<u>Júní 2007</u>	<u>Afskrifað 2007-2008</u>	<u>Aðföng 2007-2008</u>	<u>Júní 2008</u>
<u>BÆKUR</u>	15.142	216	538	15.464
<u>MYNDBÖND</u>	453	1	1	453
<u>DVD</u>	223		35	258
<u>HLJÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	141		3	144
<u>SNÆLDUR</u>	215			215
<u>MARGM.DISKAR</u>	137	3	7	141
<u>TÖLVUDISKL.</u>	3			3
<u>SKYGGNUR</u>	13			13
<u>FORRIT</u>	9			9

<u>GLÆRUR</u>	22			22
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	13			13
<u>GAGNASETT</u>	1			1
<u>KORT</u>	24			24
<u>HLJÓÐBÆKUR</u>	52		20	72
<u>SAMTALS</u>	<u>16.578</u>	<u>220</u>	<u>604</u>	<u>16.962</u>

Gjafir:

Veturinn 2007-2008 bærust bókasafninu góðar gjafir frá einstaklingum og gestum skólans. Alls voru skráðar 112 bók, tveir margmiðlunardiskar og eitt myndband. Öllum þessum velunnurum safnsins eru færðar bestu þakkir. Mikilvægt er að tekið sé við gjöfum án nokkurra kvaða og safnið áskilji sér rétt til að ráðstafa efni eins og hentar best hverju sinni.

Rekstrarkostnaður 2007:

Bækur	996.006
Tímarit og blöð	271.664
Deildareintök	104.748
Myndbönd og mynddiskar	87.391
Tónlist	7.838
Kennsluefni – borðspil til tungumálakennslu	15.039
Gagnasöfn (Landsaðgangur að gagnasöfnum, Gagnasafn Mbl., Doktor.is, Metrabók)	152.800
Kostnaður vegna Gegnis, landskerfis bókasafna	244.249
Húsgögn (skrifborð, teikn.skápur, sjónvarpsskápur, bókavagn)	267.041
Laserprentari	122.919
Kostnaður v/ljóðasamkeppni	10.667
Ljóð í glugga á bókasafni	28.535
Ráðstefnugjöld v/Back to basics (skrán.ráðstefna)	35.000
Ritföng, pappír, bréfabindi og bókaplast	82.707
Ýmsar viðhaldsvörur	5.164
Óátekna snældur og geisladiskar	6.713
Hulstur utan um safnefni	7.071
Viðgerðir og plöstun á safnefni	7.681
Þjónustugjöld v/innkaupakorts ríkisins	1.055
Opinber gjöld – sýslumaðurinn á Selfossi	2.550
Dráttarvextir	60
Millisafnalán	<u>4.550</u>
Samtals	2.461.448

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru nú 16 tölvur, skanni, brennari, litaprentari, tveir laserprentarar, tvöfalt segulbandstæki til afritunar, segulbandstæki fyrir tungumálaverkefni, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél og sími. Í kjallara er

einnig litaprentari en í honum er hægt að prenta á geisladiska, auk venjulegrar prentvinnslu.

Í október var keyptur nýr og betri laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3005x. Mikið mæðir á þessum prentara þar sem lætur nærri að um 500 blöð séu útprentuð á bókasafninu dag hvern. Ný borðtölva af gerðinni ACE var tekin í notkun í afgreiðslu safnsins í apríl sl. og leysti af hólmi gamla tölvu sem hafði síðast verið uppfærð í janúar 2004.

Tölva í kjallarnum er ekki nettengd og verða nemendur að vista gögn sín á minnislykil og fara með hann í nettengda tölvu til að prenta út gögn. Þessi tölva er með brennara og DVD drifi og tengd við litaprentara. Allflestir kennarar lesa nú próf sín inn á lítið stafrænt upptökutæki (diktafón) og bókaverðir sjá svo um að afrita upptökur yfir á geisladiska í kjallaratölvunni.

Tvær tölvur eru staðsettar við miðrymi og eru þær aðallega ætlaðar til heimildaleita á neti en nemendur nota þær einnig við verkefnavinnu þegar aðrar tölvur eru uppteknar.

Alls eru fjórtán tölvur sem nemendur geta notað til heimildaöflunar og verkefnavinnu ef talin er með tölva tengd við skanna í kjallara. Nemendatölvur bókasafnsins voru uppfærðar haustið 2007, sett í þær stærra vinnsluminni og betri sendar en þær eru allar á þráðlausu neti. Af þessum fjórtán tölvum eru þrjár fartölvur sem nemendur mega aðeins nota á safninu. Í kennslustundum er gert ráð fyrir að kennarar geti útvegað þeim tölvur af fartölvuvögnum.

Nemendur koma mikið á safnið með sínar eigin fartölvur og nota þær við verkefnavinnu. Aðstaða til að hlaða tölvur er í öllum lesbásum á neðri hæðinni.

Forstöðumaður er með fartölvu af gerðinni HP Compaq nx6325 með XP stýrikerfi, fékk hana til notkunar í desember 2006.

Sl. skólaár var merkilegt fyrir þær sakir að Novell tölvukerfið var lagt niður og Windows tekið upp í þess stað. Þessi umskipti gengu vonum frammar en fyrstu vikurnar voru svolítið annasamar vegna þessara breytinga. Gerð var tilraun með að setja upp Windows Vista stýrikerfið á nokkrar tölvur bókasafnsins en það gekk ekki nógu vel. Því var ákveðið að nota Windows XP stýrikerfið. Allar tölvur bókasafnsins eru nú með Office 2007.

Miklar breytingar voru gerðar á húsnæði bókasafnsins á liðnu skólaári. Þrjár lesbásar (með tölvum) voru teknir niður næst afgreiðslu, með alls sex sætum. Í þessum lesbásum höfðu verið borðtölvur en þær færðust nú í lesbása sem eru fjær. Skrifstofa var útbúin fyrir forstöðumann bókasafnsins með því að taka niður eina hillustæðu og færa hana þangað sem tölvubásarnir höfðu staðið. Nýr gólfdukur var lagður á skrifstofu og afgreiðslu, mun ljósari og fallegri en sá eldri. Keypt var nýtt skrifborð og bókavagn undir kennslubækur. Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsmíðuð á sínum tíma. Litlar sem engar skemmdir urðu á búnaði safnsins í jarðskjálfta sem reið yfir Selfoss og nágrenni þann 29. maí sl. og var upp 6.3 á Richter. Aðeins hrundi úr hillum á safni og í kjallara en engar skemmdir á búnaði.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða bókavarda samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af rúmgóðu herbergi inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettir litaprentari og laserprentari. Laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3005x er staðsettur við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er rúmgott herbergi með góðri aðstöðu til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp með úrklippum úr blöðum, ýmsum bæklingum og skjölum. Núna eru aðallega settir bæklingar og ýmislegt upplýsingaefni í úrklippusafnið, en minna af blaðaúrklippum eftir að safnið gerðist áskrifandi að gagnasafni Morgunblaðsins. Í þessu vinnurými eru einnig geymd myndbönd safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni og eru þær lánaðar til nemenda í skamman tíma. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgangslurýmið.

Í kjallara er aðstaða til plöstanar og viðgerða á safnefni.

Gólfteppi á safninu var hreinsað sl. haust en það er orðið mjög slitið og illa farið eftir viðvarandi vatnsleka sem til þessa hefur ekki tekist að ráða bót á. Á næstu árum þarf að leggja drög að því að fá nýtt gólfefni sem samtímis er þægilegt í þrifum og hljóðeinangrandi.

Fundir, námskeið og ráðstefnur:

Forstöðumaður sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni sem haldnir eru að jafnaði vikulega. Á vorönn var skipaður starfshópur um nýtt útlit á heimasíðu skólans og er Elín í honum.

Elín fór með samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum til Skotlands dagana 27.-30. september 2007. Farið var í skólaheimsóknir í eftirtalda skóla: Holyrood RC Secondary School í Glasgow, James Gillespie's High School í Edinborg og Sciennes Primary School í Edinborg. Ferðin var einkar ánægjuleg og fróðleg, skólasöfnin voru ólík og með ólíkar áherslur. Þau virtust flest rekin af litlum efnum en af stórhug og metnaði. Greinilegt er að Skotar standa okkur að mörgu leyti framar hvað snertir kennslu í upplýsingalæsi.

Í nóvember efndi íslenskudeild í samstarfi við bókasafn FSu til samkeppni meðal nemenda skólans í skapandi skrifum. Samkeppnin fólst í því að skrifa stuttan og skapandi texta í því formi sem hentaði hverjum og einum og mælt til þess að þátttakendur miðuðu hugmyndir sínar og textasmíð við eftirfarandi efni: *PÚ OG ÉG - LÍFIÐ OG ÉG - SAGAN OG ÉG - HEFÐIN OG ÉG - TÍMINN OG ÉG - SKÁLDIN OG ÉG - SKÓLINN OG ÉG - TUNGUMÁLID OG ÉG.*

Er skemmst frá því að segja að liðlega 300 tillögur bárust í keppnina. Í dómnefnd voru þau Jón Özur Snorrason, Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir og Björn Unnar Valsson, nemandi í bókmenntafræði og fyrrverandi nemandi við FSu. Úrslit í samkeppninni voru kunngjörð á degi íslenskrar tungu, þann 16. nóvember. Sigur úr bítum bar Fjóra Dögg Sigurðardóttir fyrir ljóð sitt:

ÉG OG PÚ

*Ég og þú
svona einsog
tvö lítil púsl
úr sitthvoru púsluspílinu
sem smella samt
saman*

*og þó glufur sjáist stundum
á skilunum
þá púslumst við
saman
skakkt og stundum klaufalega*

*en myndin
hún er svolítið sæt*

Ljóð Fjólu Daggar prýðir nú einn glervegg bókasafnsins. 2. verðlaun í ljóðsamkeppninni hlaut Guðný Stefania Tryggvadóttir fyrir ljóðið Biðin og ég. Kamilla Gylfadóttir fékk 3. verðlaun fyrir ljóð sitt Skáldin og ég.

Fundir hjá Samstarfshópi bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum voru þrjár talsins á skólaárinu og sótti forstöðumaður þá alla. Fundir vetrarins voru haldnir í Menntaskólanum við Sund 16. nóvember, Borgarholtsskóla 18. desember og í Iðnskólanum í Reykjavík 21. apríl. Á þessum fundum eru rædd ýmis hagsmunamál er varða skólasöfn í framhaldsskólum, svo sem upplýsingalæsi, Gegni, landskerfi bókasafna, upplýsingalæsi, kjaramál, aðgang að gagnasöfnum og margt fleira.

Elín og Steinunn sóttu útlánanámskeið í Gegni; Elín fór á slíkt námskeið 30. ágúst og Steinunn 5. október. Elín sat fund skrasetjara í hliðargrunni Gegnis sem haldinn var 18. október í Þjóðarbókhöð. Daginn eftir var haldinn fræðslufundur skrasetjara Gegnis og sótti Elín hann einnig. Hún fór á námskeið í kerfiskeyrslum í Gegni sem var haldið 3. mars. Loks fór Elín á notendaráðstefnu Aleflis sem haldin var 14. maí, en Alefli er notendafélag Gegni.

Elín gegndi formennslu í valnefnd um bestu fræðibók ársins fyrir fullorðna en þessi nefnd starfar á vegum Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða. Fyrir valinu að þessu sinni varð Sádómen sandanna : saga landgræðslu á Íslandi 1907-2007 eftir Friðrik G. Olgeirsson, útgefin af Landgræðslu ríkisins.

Lokaorð:

Starfsemi bókasafnsins gekk vel á liðnu skólaári. Nemendur nota aðstöðu safnsins mikið við verkefnavinnu og það er lifandi staður. Samstarf við kennara er með ágætum og yfirleitt láta þeir vita að fyrirhuguðum verkefnum. Áhyggjuefni er hversu mikið nemendur nota netheimildir við verkefnavinnu, oft án gagnrýns hugarfars. Leggja þarf aukna áherslu á upplýsingalæsi við mat á heimildum og framsetningu.

Bókasafn FSu er skólasafn og því ber fyrst og fremst að þjóna nemendum skólans og starfsfólki. Með öflugum safnkosti sem styður vel við nám og kennslu eru því allir vegir færir.

Selfossi 9. júní 2008
Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,
forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands

2.2 Erlent samstarf

Hlutverk alþjóðafulltrúa:

- a) Kynnir kennurum/starfsfólki hvaða möguleikar eru fyrir hendi varðandi erlend samskipti.
- b) Aðstoðar kennara/starfsfólk við að finna samskiptaaðila og verkefni.
- c) Sér um og aðstoðar við umsóknir um styrki til samskiptaverkefna.
- d) Tekur á móti erlendum gestum og sinnir þeim er þeir koma í heimsókn.
- e) Aðstoðar skólameistara við ákvarðanir varðandi erlend samskiptaverkefni og menningarferðir erlendis.

Skólaárið 2007-2008 tók Örlygur Karlsson aftur við starfi alþjóðafulltrúa af Kristínu Runólfsdóttur. Allmörg verkefni hafa verið í gangi á skólaárinu og eru þau helstu: Comeniusar-samstarfsverkefnið WWW-7, samstarf við Daxing No. 1 Middle School í Beijing í Kína og Comeniusar-samstarfsverkefnið Gobal Warming. Heimsóknir í skólann hafa verið nokkrar og eins hafa verið farnar ferðir erlendis og ber þá hæst Nova Scotia ferð starfsmanna skólans.

Erlend samstarfsverkefni

Comenius samstarfsverkefnið WWW-7 um fordóma

Comeniusar samstarfsverkefnið *Who are they? Who am I? Who are we* – WWW-7 fjallar um fordóma og umburðarlyndi milli þjóða. Markmið verkefnisins er að efla samvitund og minnka fordóma landa á milli í Evrópu með því að þjóðirnar kynnist betur. Þeir kennarar sem þátt taka í þessu verkefni hér eru: Helgi Hermannsson, Hrefna Clausen, Sigursveinn Sigurðsson og Þórunn Elva Bjarkadóttir auk alþjóðafulltrúa skólans og nemenda. Sigurður Sigursveinsson skólameistari fór í ferð til Grikklands í janúar 2008. Helgi Hermannsson



hefur haft yfirumsjón með verkefninu. Því lýkur á árinu 2008 og verður þá unnin lokaskýrsla. Þátttakendur hafa verið skólar frá Frakklandi, Grikklandi, Slóvakíu, Spáni og Þýskalandi auk Fjölbrautaskóla Suðurlands. Heimasíða verkefnisins er:

<http://www7.gr>.

Helgi Hermannsson var á undirbúningsfundi í Sobrance í Slóvakíu dagana 21. október til 25. okt. Var verið að undirbúa þriðja og síðasta árið. Auk Helga mættu á fundinn þrjú kennarar frá

Þýskalandi, tveir frá Spáni, einn frá Grikklandi auk gestgjafanna, Slóvaka. Á milli strangra fundarhaldna var farið í skoðunarferðir í næsta nágrenni og bragðað á þjóðarréttum Slóvaka.

Sunnudaginn 13. janúar héldu þrír nemendur, þau Lórey Rán Rafnsdóttir, Reynir Þór Garðarsson og Steinunn Anna Hannesdóttir í tæplega vikulanga námsferð til Ioaninna á



Grikklandi vegna verkefnisins. Með í för voru Sigurður Sigursveinsson skólameistari og Örlygur Karlsson alþjóðafulltrúi. Nemendur frá öllum þáttökulöndum kynntu verkefni sín og voru Íslendingarnir með stutta en skemmtilega kynningu á táknum Evrópu. Nemendur skoðuðu auk þessa áhugaverða staði og lærðu að dansa þjóðdansa. Grikkirnir tóku mjög vel á móti gestum sínum.

Mánudaginn 31. mars fóru fjórir nemendur, þau Eyrún Halla Haraldsdóttir, Hrafnhildur Magnúsdóttir, Tinna Þórsdóttir og Vilhjálmur Sveinsson ásamt kennurunum Helga Hermannssyni og Sigursveini Sigurðssyni til Alburquerque, sem er 5600 manna þorp í einu fátækasta héraði Spánar, Extremadura. Til Alburquerque mættu einnig um 15 nemendur frá Grikklandi, Slóvakíu, Þýskalandi og Frakklandi og dvöldu erlendu nemendurnir inni á



heimilum hjá spænskum nemendum. Þau sóttu skóla með gestgjöfum sínum auk þess að fara í skoðunarferðir um næsta nágrenni. Þau fóru líka í móttöku hjá bæjarstjóra Alburquerque og einnig til forseta héraðsins Extremadura, Guillermo Fernández Vara. Á heimleið frá Spáni var komið við í Lissabon í Portúgal og í London. Þetta var síðasta náms- og verkefnaferðin í verkefninu WWW-7.

Einungis skýrslugerð er eftir og þarf að ljúka henni haustið 2008.

Comenius samstarfsverkefni um hlýnun jarðar: Global Warming- I can make a difference!

Úlfur Björnsson sótti tengslaráðstefnuna: The Four Elements – Teaching Science in a European Context sem haldin var í St. Ulrich bei Steyr í Austurríki dagana 15. – 19. nóvember 2006. Þar voru lögð drög að samskiptaverkefni milli nokkurra landa sem fjallaði

um hlýnun jarðar og hvort aðgerðir okkar geti skipti einhverju máli. Sótt var um verkefnisstyrk í Socrates – Comenius til þessa samstarfs og fékkst styrkur. Samstarfsskólar með okkur í þessu verkefni eru Höhere Technische Bundeslehranstalt – LITEC frá Austurríki, Lycée La Mennais í Frakklandi og Instituto de Educación Secundaria “Emilio Alarcos” á Spáni. Frakkland hefur yfirumsjón með verkefninu en Ólafur Einarsson líffræðikennari er með yfirumsjón hér heima. Með Ólafi í verkefninu eru þau Ester Ýr Jónsdóttir og Örn Óskarsson.



Megin viðfangsefni verkefnisins eru ástæður og áhrif hnattrænnar hlýnunar ásamt því að kanna lausnir á þeim vanda. Fjallað verður um vandamál sem steðja að á evrópska og hnattræna vísu. Sérstaklega verður lögð áhersla á

nauðsyn einstaklingsábyrgðar og möguleika á að breyta hefð og venjum varðandi orkunotkun. Markmiðið er að ná sjáanlegri breytingu í orkusparnaði hjá skólunum. Nemendur samstarfsskólanna fjögurra (á Íslandi, Spáni, í Frakklandi og Austurríki) verða virkir þátttakendur, með því að vinna ýmis verkefni og með skrifum fyrir sameiginlega vefsíðu. Hún verður á nokkrum tungumálum og unnin og hýst af Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu). Í lok verkefnisins verður helstu niðurstöðum og upplýsingum komið til þátttakenda á vefsíðunni og með öðrum hætti eins og t.d. dagatali. Þar sem nemendur þáttökuskóla tala mismunandi tungumál munu þeir óhjákvæmilega kynnst öðrum tungumálum en enska verður samskiptatungumál verkefnisins. Samskipti verða með tölvupósti og sameiginlegu spjallsvæði á netinu. Heimasíða verkefnisins er:

<http://www.fsu.is/~ornosk/gwi/>. Ólafur Einarsson líffræðikennari sótti vinnufund í Frakklandi 10. til 14. október varðandi verkefnið.

Annar fundur verkefnisins var haldinn á Íslandi dagana 22. til 26. apríl. Átta kennarar og 17 nemendur komu frá samstarfsskólunum. Erlendu nemendurnir gistu hjá nemendum FSu en kennararnir í Gesthúsum. Á meðan á dvölinni stóð voru unnin og kynnt verkefni tengd hlýnun jarðar. Menn veltu fyrir sér orsökum og afleiðingum í heimalöndum þátttakenda og kynntir voru nýir orkugjafar með lágum CO2 útblæstri. Farið var í ferðir um Suðurland m.a. að Geysi, Gullfossi, Þingvöllum, Sólheimajökli og Skógum Að lokum var Helligheidarvirkjun skoðuð.

Námsgeta fanga og samlögun þeirra að samfélaginu að nýju – Nordplus Voksen

Þessu verkefni er stýrt af Fræðslumiðstöð sambands fatlaðra í Finnlandi. Markmiðið er að reyna að þróa samnorrænt módel til byggja fanga upp og auðvelda samlögun þeirra að

samfélaginu eftir afplánun. Þátttakendur eru auk fyrrgreindrar fræðslumiðstöðvar í Järvenpää: Jokela fangelsið í Tuusula, Finnlandi, Brottsþálföljdsverket í Helsinki, Finnlandi, Ásane frh-skólinn í Bergen, Noregi (sér m.a. um kennslu í fangelsum í Hörðalandi) og Kofoed skole í Kaupmannahöfn, Danmörku en hann er með starfstöðvar víða um heim. Í september sótti Ingi Stefán Ingason, kennslustjóri skólans á Litlahrauni, verkefnisfund um menntunarmál fanga en fundurinn var haldinn í Bergen í Noregi. Fundarmenn heimsóttu aðalfangelsið í Bergen sem hýsir allt að 248 fanga, en auk þess heimsóttu þeir deild fangelsisins á Ulvsnesøy þar sem 27 karlar og 4 konur eru í afplánun en námi þeirra sinna 8 kennarar í hlutastarfi og kennslustjóri í fullu starfi og eru kennararnir allir jafnframt starfsmenn Ásane Videregående Skole. Meginmunur á námsaðstæðum á Litlahrauni og í Bergen er aðstaða til verklegrar kennslu og kennslumagn á viku. Á Litlahrauni eru þetta 18 klst. á viku en í Bergen fá einstakir fangar kennslu í allt að 30 klst. á viku, og veruleg áhersla er lögð á námskeið í skapandi listum. Bergenfundurinn var síðasti fundur í þessu verkefni.

Samstarf við Daxing No. 1 Middle School í Beijing, Kína

Með bréfi frá Íslenska sendiráðinu í Kína barst skólanum boð um þátttöku í samstarfsverkefni við kínverskan skóla í Beijing . Til samstarfsins er stofnað vegna fyrirhugaðra Ólympíuleika þar árið 2008. Skólinn heitir Daxing No. 1 Middle School. sendinefnd frá skólanum kom í FSu 15. júní 2007 undir forystu skólameistara Shi Bai He. Þá var undirritaður samstarfssamningur á milli skólanna. Samningurinn felst í nemendaskiptum. Samstarfsverkefnið ber heitið "Heart to Heart" Program of Beijing 2008 Olympic Education, International Partnership Program.

Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari var skipaður verkefnisstjóri. Ekki varð af komu nemenda frá Kína í október eins og rætt hafði verið um en þeir Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari og Örlygur Karlsson alþjóðafulltrúi fóru til frekari ráðagerða til Beijing 14. og komu til baka 20. nóvember. Ferðin var mjög vel heppnuð. Í ferðinni var undirritaður samningur milli framhaldsskólans í Beijing og FSu um gagnkvæm nemendaskipti á haustönn 2008. Gert er ráð fyrir að 15 nemendur og 2 kennarar frá Kína komi í vikuheimsókn í FSu í byrjun október, og samsvarandi hópur frá okkur fari til þeirra um miðjan október. Móttökur í Beijing voru einstaklega góðar og ljóst að samstarfsskólinn leggur mikinn metnað í þessi samskipti. Þeir Þórarinn og Örlygur greindu frá ferð sinni í máli og myndum á kennarafundi 23. nóvember.



Í framhaldi af undirritun samningsins 15. júní var ákveðið að kenna áfanga um kínverska menningu og þjóðfélag á vorönn 2008, KÍM172. Tuttugu og tveir nemendur skráðu sig í áfangann. Guðfinna Gunnarsdóttir ensku- og lífsleiknikennari var ráðin til þess að hafa yfirumsjón með áfanganum og samstarfi við Kína. Fengnir voru gestafyrirlesarar til að fræða hópinn um Kína. Þar má nefna Geir Sverrisson, sem er forstöðumaður Asiuseturs Íslands sem er samstarfsverkefni HÍ og HA, Liping Fang, kínverskur jarðfræðingur sem býr á Íslandi og Sigurður Guðjónsson, sem er gamall nemandi FSu en hann hefur stundað nám og vinnu í Kína.

Ljóðrænir tjarnfiskar



Föstudaginn 15. febrúar kom til landsins og á Selfoss Cheng Zhong Yi sem er enskukennari við Daxing-skólann í Beijing en honum hafði verið boðið til að kynna skólann í Beijing, kínverska menningu og kenna nokkur undirstöðuatriði í kínversku. Cheng Zhong Yi varð hvers manns hugljúfi í FSu og hann kenndi það sem um var rætt og ýmislegt fleira eins og að borða með þrjónum. Hann tók einnig þátt í Kátum dögum og Flóafári af mikilli innlifun en nemendur í KÍM172 voru

með Kínakynningu þá dagana. Var kaffiaðstaða skreytt kínverskum ljóskerum og öðrum kínverskum hlutum. Gestir úr kínverska sendiráðinu á Íslandi komu í heimsókn á Kátum dögum, þau Guo Baoqi og Lei Yunxia. Þau komu færandi hendi með höfðinglegar gjafir, bækur, DVD-myndbönd og fleira um Kína. Þau Guðfinna Gunnarsdóttir og Cheng Zhong Yi fóru einnig í hádegisverð í sendiráð Kína á Íslandi í boði sendiherrans Mr. Zhang Keyuan. Nú er fyrirhugað að 16 nemendur og tveir kennarar úr FSu fari til Kína um miðjan október. Fjáröflun vegna þessarar ferðar er þegar hafin.



Tveir kennarar úr FSu, þeir Þorvaldur Guðmundsson og Þór Stefánsson, sem voru í námsferð í Beijing í júní, heimsóttu Daxing No. 1 Middle School 11. júní ásamt rafiðnaðarkennurum frá Íslandi. Einnig er rétt að geta þess að þrír fyrrverandi nemendur FSu þau Auður Örlygsdóttir, Berglind Helgadóttir og Sævar Öfjörð heimsóttu skólann í

maí og var mjög vel tekið á móti þeim. Þau sem tóku á móti þeim voru skólástjórinn Shi Bai He, Tian Xiumei og Cheng Zhong Yi enskukennarar og Lee Chia Ling alþjóðafulltrúi.

Ferðir erlendis

Ráðstefna á Írlandi um menntunarmál í fangelsum:

Dagana 13. – 17. júní 2007 sótti Ingis Ingason, kennslustjóri á Litla Hrauni, ráðstefnu á Írlandi um menntunarmál í fangelsum. Svo virðist sem við séum heldur að dragast aftur úr nágrannalöndum okkar, hvað menntun í fangelsum varðar, þótt frelsi fanga á Íslandi sé meira en víða annars staðar.

Ráðstefna um hlut tölvutækninnar í menntun í fangelsum:

5. september 2007 hélt skólameistari til Oslóar til að sækja ráðstefnu um hlut tölvutækninnar í menntun í fangelsum, en hann situr fyrir hönd skólans í nefnd sem menntamálaráðherra skipaði í fyrra til að fjalla um menntun fanga.

Heimsóknir á bókasöfn í Skotlandi:

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir forstöðumaður bókasafns FSu fór í heimsóknir á bókasöfn framhaldsskóla og grunnskóla í Glasgow og Edinborg 27. og 28. september ásamt bókasafnsfræðingum úr íslenskum framhaldsskólum.

Ráðstefna sérkennara í Kaupmannahöfn um Inklusion/rummelighed

2. október fóru fimm sérkennarar skólans, þau Anna Þóra Einarsdóttir, Ester Bergmann Halldórsdóttir, Hulda Finnlaugsdóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir og Jóna Ingvarsdóttir, til Kaupmannahafnar. Heimsóttur var Ungdomsskolen i Utterslev en það er sérskóli fyrir nemendur á aldrinum 18-25 ára. Sérkennararnir sóttu síðan ráðstefnu sérkennara á vegum Nordisk Forbund for Specialpædagogik. Þema ráðstefnunnar var Inklusion/rummelighed i Europa med særlig opmærksomhed på Norden.

Námsferð til Skotlands með Félagi stjórnenda í framhaldsskólum

Þær Ása Nanna Mikkelsen áfangastjóri og Ragnheiður Ísaksdóttir námsferilsstjóri fóru í námsferð til Skotlands með Félagi stjórnenda í framhaldsskólum 11.-14. október. Háskólinn í Glasgow var heimsóttur og farið var í „Grænan“ framhaldsskóla (John Wheatly).

Kór FSu í söngferð til Frederiksberg í Kaupmannahöfn

Kór FSu fór 24. október í fimm daga Kaupmannahafnarferð þar sem endurgoldin var heimsókn kórs framhaldsskólans á Frederiksberg í Kaupmannahöfn en hann sótti FSu heim í vor. Gist var heima hjá kórfélögum og kennurum og voru móttökurnar hinar bestu. Haldnir voru tónleikar í skólanum að viðstöddum 800 nemendum og vöktu þeir mikla hrifningu. Lýstu stjórnendur og tónlistarkennarar Frederiksberg Gymnasium miklum áhuga á frekara samstarfi. Þá var sungið í Jónshúsi við góðar undirtektir Íslendinga, Dana og Norðmanna sem þar voru staddir. Kórfélagar voru 43 í þessari ferð og voru þeir skóla sínum til sóma. Fararstjórar voru Ester Ýr Jónsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir og Stefán Þorleifsson kórstjóri.

Vestur um haf til Nova Scotia, náms- og yndisferð starfsfólks FSu og maka þeirra

Sú hefð er komin á í FSu að starfsmenn og makar þeirra halda í náms- og kynnisferð erlendis annað hvert ár. Var fyrsta ferðin farin árið 2000 til Oxford. Síðan hafa verið farnar ferðir til Skotlands 2002, Gautaborgar í Svíþjóð 2004 og til Alsfeld í Þýskalandi 2006. Námsferðir þessar eru liður í umbun til starfsmanna skólans. Stéttarfélag starfsmanna veita einnig styrki til námsferðanna.

Ferðir þessar hafa gefist einstaklega vel og hafa þær styrkt starfsandann í skólanum. Hefð er einnig fyrir því að halda árhátíð skólans í ferðunum. Á starfsmannafundi í nóvember

2007 var gerð könnun meðal starfsmanna varðandi það hvert skyldi halda í vorferðinni 2008. Niðurstaðan var sú að flestir höfðu áhuga á Nova Scotia í Kanada.

Laugardaginn 24. maí lögðu starfsmenn skólans og makar í kynnisferð til Nova Scotia, alls 110 manns. Farið var í skólaheimsóknir og hlýtt var á fyrirlestra um skólamál auk þess sem margir áhugaverðir staðir og fallegir voru skoðaðir: Hlustað var á fyrirlestur um skólamál í Nova Scotia hjá Anne Blackwood sem vinnur í námskrárdeild menntamálaráðuneytisins. Farið var í Heimsókn í Teachers' Union í Halifax. Nova Scotia Community College var skoðaður. Einnig Citadel High School sem er stærsti framhaldsskóli í Nova Scotia. Farið var til Lunenburg og hlustað á fyrirlestur hjá Mitch Landry frá South Shore District School Board um sjálfsmat og umbótaáætlun skóla (School Accreditation). Grunnskóli á sama stað var skoðaður (Lunenburg Academy) og farið á sjóminjasafn þar sem lýst er fiskveiðum við Kanada frá því Evrópubúar fóru að stunda sjósókn þar. Farið var í Annapolisdalinn þar sem talinn er mestur munur flóðs og fjöru eða 50 fet. Slóðir Frakka eða Acadia í Nova Scotia (Grand Pré) voru barðar augum en Acadiar voru fluttir nauðungarflutningum frá landi sínu í Nova Scotia 1755 og þeim dreift um nýlendur Breta í Ameríku eða þeir sendir til Evrópu.

Mjög áhrifamikil var heimsókn hópsins á Íslendingaslóðir í Markland sem er í Mooseland



en þar reyndu um 30 íslenskir bændur að rækta land og búa frá árinu 1875-1882. Um 200 Íslendingar bjuggu þar á þessum tíma. Meðlimir félags, „The Icelandic Society of Nova Scotia“, sem heldur í heiðri minningunni um þessa íslensku landnema, tóku vel á móti okkur og sýndu okkur svæðið. FSu-hópurinn söng fyrir gestgjafana við Lot 3 þar sem Sigurður Jónsson frá Staðartungu bjó á sínum tíma. Síðustu nóttina var dvalið í borginni Antigonish á háskólasvæði (campus) St. Francis Xavier háskólans. Þar var haldin árshátíð FSu og var hún mjög vel heppnuð og skemmtileg eins og árshátíðir skólans hafa verið undanfarin ár. Í Antigonish var háskólasvæðið skoðað og einnig fóru sumir í golf og aðrir í canoesiglingar eða gönguferðir.



Jeff Orr leiðsegir okkur

Á leiðinni út á flugvöll var skoðuð menningar- miðstöð Mi'kmaq-indjana sem búa og bjuggu í fylkinu. Heim var komið að morgni 30. maí. Fararstjóra og skipuleggjanda Sigurði Sigursveinssyni er þakkað gott starf en hann

vann að skipulagningu ferðarinnar í samstarfi við gamlan skólabróður sinn frá háskólanum í St. John's á Nýfundnalandi Jeff Orr. Jeff starfar við háskólann í Antigonish og skipuleggur þar m.a. kennslu kennaranema. Jeff er einnig þakkað mikið, gott og ómetanlegt starf fyrir okkur starfsmenn FSu. Öllum ferðlögum er þökkuð góð samvera í ferðinni.

Heimsóknir

Bornholms Gymnasium í heimsókn

18. september komu Danir í heimsókn í FSu. Um var að ræða 28 manna bekk og 3 kennara í menntaskóla Borgundarhólms, Bornholms Gymnasium. Hópurinn sótti tíma í dönsku, náttúruvísindum og eðlisfræði. Nemendur í DAN303 undirbjuggu stutta fyrirlestra sem þeir fluttu á dönsku fyrir Danina. Danirnir fluttu líka fyrirlestra ýmist á ensku um sjálfbæra þróun eða á dönsku um eyjuna Borgundarhólm og um skólann sinn. Heimsóknin er liður í vikudvöl Dananna hér á landi en hópur frá sama skóla heimsótti okkur haustið 2005 (http://www.bornholm-gym.dk/aktuelt/rejser_ekskursioner/03u_Island_2005/index.html) Fyrirhugað var að hefja samstarf við Danina en af því varð ekki þar sem FSu fékk ekki styrk til þess frá Nordplus junior. Danirnir fengu aftur á móti styrk. Elísabet Valtýsdóttir fagstjóri í dönsku skipulagði heimsóknina ásamt Dönunum.

Heimsókn sveitarstjórnanna frá Tóftum í Færeyjum

18. september kom hópur Færeyinga í heimsókn. Um var að ræða hóp sveitarstjórnarmanna og fleiri frá Tóftum en þeir heimsóttu einnig Hvergerði í ferðinni en Hveragerði er einmitt vinabær Tófta.

Norrænir handverksmenn í heimsókn

Þriðjudaginn 25. september kom í heimsókn hópur norrænna handverksmanna ásamt Starfsgreinaráði Hönnunar- og handverksgreina. Heimsóknin tengist norrænu verkefni, Spor i Norden, sem styrkt er af norrænu áætluninni Nordplus Voksen, en verkefnið miðar að því að auka sýnileika handverksgreina á Norðurlöndunum, einkum í textíl, keramik, gullsmíði, silfursmíði og söðlasmíði. Hópurinn heimsótti textíleild skólans og hélt síðan til Guðmundar Árnasonar söðlasmíðameistara hér á Selfossi, en hann hefur kennt söðlasmíði við FSu.

Heimsókn frá tækniháskóla í Beijing

Þriðjudaginn 8. apríl komu í heimsókn í skólann Kínverjar frá Beihang-tækniháskólanum í Beijing ásamt Benedikt Guðmundssyni frá Guðmundi Tyrfingssyni ehf. Þeir skoðuðu skólann undir leiðsögn Þórarins Ingólfssonar aðstoðarskólameistara.

Heimsókn menntaskóla frá Turku í Finnlandi

Föstudagsmorguninn 16. maí komu í heimsókn í FSu menntaskólanemar frá Turku í Finnlandi. Með þeim voru þrír kennarar, tveir líffræðikennarar og einn móðurmálskennari. Alþjóðafulltrúi og skólameistari kynntu skólastarfið og sýndu skólann. Þetta var kátur og hress hópur og gaman að fá þau í heimsókn.

Erlendar kynningar

19. október var kynning á Odense Tekniske Skole.

Syddansk Universitet í heimsókn

Föstudaginn 7. mars komu þrír menn frá Syddansk Universitet í heimsókn og kynntu verkfræðideild skólans auk þess að kynna hvað háskólinn hefur upp á að bjóða fyrir íslenska námsmenn. Skólinn er með fjölbreytt úrval af verkfræðinámi og er staðsettur í Odense (Óðinsvéum) og Sønderborg.

Kynning á Tækniháskólanum í Horsens

13. mars kynnti fulltrúi frá Tækniháskólanum í Horsens í Danmörku, Eli Ellendersen, skólann og nám í byggingaiðnfræði, byggingatæknifræði og byggingafræði fyrir nemendum í áfanganum steinsteypuvirki- húsasmiði, (SVH102).

Ekki voru fleiri erlendar kynningar á önninni.

Fyrirhuguð erlend samskipti

Sótt hefur verið um styrk til Nordplus Junior vegna samstarfs við Västerbergslagens Utbildningscentrum (VBU) í Ludvika í Svíþjóð. Mikil og góð reynsla er komin af samstarfi við Västerbergslagens Utbildningscentrum (VBU) í Ludvika og hefur samstarfið staðið frá árinu 1998.

Ekki gekk vel að sækja um að þessu sinni en Nordplus hefur breytt umsóknarferlinu og er það nú rafrænt en ekki mjög einfalt.

Sem sagt allmikil erlend samskipti skólaárið 2007-2008. Þakkir til allra í FSu og annarra sem unnu að erlendum samskiptum á skólaárinu.

Örlygur Karlsson

alþjóðafulltrúi

2.3 Skýrsla félagsmálafulltrúa veturinn 2007-2008

Hlutverk félagsmálafulltrúa Fjölbrautaskóla Suðurlands er að vera tengiliður á milli stjórnenda skólans og nemendaráðs ásamt því að styðja við heilbriggt og skapandi félagslíf nemenda í skólanum.

Félagslíf nemenda skólans var lifandi og skemmtilegt veturinn 2007-2008. Stjórn nemendaráðs var vel mönnuð með hæfileika- og dugnaðarmanneskjuna Dóru Haraldsdóttur í forystu. Nemendaráð tókst á við nokkur stór verkefni eins og söngkeppni og uppfærslu söngleiks sem hvort tveggja lukkaðist mjög vel, þó fjármálarammi söngleiksins hafi brostið. Stjórn nemendaráðs þarf í samráði við stjórnendur skólans og félagsmálafulltrúa að haga vinnubrögðum með öðrum hætti og skapa sér ákveðnar vinnureglur þegar um svo stórar fjárhagslegar skuldbindingar er að ræða.

Stjórn nemendaráðs var að ýmsu leiti nýjungagjörn í leit að viðfangsefnum og ástundaði í flestum tilfellum markviss og skipulögð vinnubrögð. Hún mætti þó setja sér stærri markmið í ákveðnum efnum til lengri tíma [5 ára áætlun] eins og að taka fullan þátt í mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna og keppa jafnt og þétt að betri árangri í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna. Félagsmálafulltrúi kallar eftir betri umgengni og skipulegri nýtingu á vinnuaðstöðu nemendaráðs inni á Hreiðri og að stjórn nemendaráðs loki algerlega á umgegningu nemenda inn og út um glerrennihurð í Hreiðri ásamt því að komið sé í veg fyrir að bílum nemenda sé lagt á göngustíg þar fyrir utan.

Busavígsla skólans fór vel fram að þessu sinni og með nýstárlegum hætti. Hún var skipulögð í skólaráði með nokkurri leynd meðal annars til að minnka það áreiti sem busum stafaði af svokölluðum sjálfskipuðum böðlum. Að morgni busadags var eldri nemum og kennurum boðið í rútuferð upp í Þrastarskóg þar sem þeir undirbjuggu móttöku fyrir óskírða busanna sem komu þangað klukkustund síðar. Með þessum hætti voru vopnin slegin úr höndum þeirra sem koma óorði á busavígluna með slæmu framferði og um leið var bryddað upp á nýjung sem ekki veitti af í annars einsleitri athöfn undanfarinna ára. Eiga skólayfirvöld og nemendaráð hrós skilið fyrir þryðilega og vel skipulagða athöfn sem fram fór í náttúrulegu og fallegu umhverfi.

Skólaböll fóru almennt vel fram og voru flest vel sótt. Sú jákvæða þróun varð á þessum vetri að mögulegt varð á nýjan leik að halda dansleiki á Selfossi. Gagnrýna má þó nemendaráð fyrir að halda lokaball skólaársins með dýrri hljómsveit þegar svo langt er liðið á maímánuð. Með vitneskju um versnandi fjárhagsstöðu nemendaráðs þykir slíkt ekki vera ígrunduð ákvörðun. Gestalisti var notaður á langflestum böllum og er það skipulag komið til að vera. Mælist það þó misjafnlega fyrir hjá nemendum. Reglulegir ballfundir tókust vel á yfirstandandi skólaári og eru þeir stjórnendum skólans og stjórn nemendaráðs til sóma.

Eitt tölublað Nota bene sá dagsins ljós á vordögum. Það var hvort tveggja í senn myndrikt og innihaldsrikt. Hins vegar má spyrja sig hvort ekki væri æskilegra að stunda virkari og jafnari blaðaútgáfu allt skólaárið í stað þess að gefa út eitt tölublað sem hefur það helst að markmiði að vera annálarit um félagsstarf í FSu. Félagsmálafulltrúi saknar blaðaútgáfu

þar sem nemendur láta í ljós skoðanir sínar á mönnum og málefnum og reyna á frumleika sinn og sköpunargáfu til orðs og athafna.

Félagsmálafulltrúa var boðið á vorþing forvarnarfulltrúa sem fram fór í Menntaskólanum í Hamrahlíð í aprílmánuði 2007. Fór hann þangað í för með forvarnarfulltrúa Fsu, Írisi Þórðardóttur og var það í senn fróðlegt og uppörvandi að vanda.

Kosningar til nemendaráðs tókust með besta móti á nýliðnu vori, framboð í einstök embætti voru mörg og með frambærilegasta móti og má það þakka stjórn nemendaráðs og virkni og áhuga margra nemendaráðsfulltrúa á félagstarfi í skólanum. Félagsmálafulltrúi hefur hvort tveggja í senn sterka tilfinningu og rök fyrir því að rík samheldni og mikill áhugi á félagsstörfum og mikilvægi þeirra hafi einkennt öll störf nemendaráðs Fjölbrotaskóla Suðurlands á nýliðnum vetri og má búast við því að það skili sér áfram til komandi skólaárs.

Gimli, Langanesi, 3. júní 2008,
Jón Özur Snorrason.

2.4 Skýrsla Flóafársnefndar

Flóafárið var haldið föstudaginn 22 febrúar 2008 í 11 sinn. 38 þrautir voru þreyttar í lðu og Odda.

Í Flóafársnefnd sátu fyrir hönd kennara: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ægir Pétur Ellertsson og Kjartan Ólason. Fyrir hönd nemenda: Karen Kristjánsdóttir, Svanhildur Svansdóttir, Hjörvar Sigurðsson, Halldór Stefán Haraldsson og Anna Karen Jónmundsdóttir.

Undirbúningur gekk vel. Fimm lið tóku þátt, Mafían undir stjórn Árna Arasonar og Bæring Jóns Guðmundssonar, Múmínálfarnir undir stjórn Sigurðar Daðasonar og Fríðu Björnsdóttur, Gotham City undir stjórn Baldurs Þórs Elíassonar og Páls Óla Ólasonar, Turtles undir stjórn Fjólu Daggar Sigurðardóttur og Bjarna Rúnarssonar og Madha undir stjórn Arnars Páls Gunnlaugssonar og Teits Magnússonar.

Leikar fóru þannig að Gotham vann naumlega heildarstigakeppnina, en litlu munaði á þeim og næsta liði fyrir neðan, Mafíunni.

Besta skemmtiatriðið var frá Mafíunni, besta herópið áttu Turtles, besta borðlagningin kom frá Turtles og verðlaun fyrir besta heildarsvipinn fékk Mafían.

Í keppni starfsfólks um flottasta búninginn sigruðu þau Hörður Ásgeirsson og Inga Magnúsdóttir, en kennarar fóru algjörlega framúr sé við búningahönnun fyrir keppnina.

Jón Stefán Sævarsson sá um að útvega ókeypis boli fyrir nemendur, en nú virðist sem notkun bola í stað hinna hefðbundna húfa sem notaðar voru áður.

Sem sagt keppnin gekk afar vel þrátt fyrir að liðin væru færri en venjulega og fleiri nemendur í hverju liði. Mikil jákvæðni og gleði var við völd og ekkert kom upp á sem skyggði á framgang keppinnar og fullyrðum við að þessi sé sú besta frá því við byrjuðum að starfa í nefndinni.

2.5 Skýrsla forvarnarfulltrúa

Fyrri önnin fór mikið í viðtöl og eftirfylgni með nemendum sem leituðu til mín. Tveir þeirra útskrifuðust um jólin, tveir hættu alveg í skóla og tveir leituðu í skóla á höfuðborgarsvæðinu v/ sinna mála. Þrír héldu áfram hér, en í miklu meira jafnvægi en á haustönn. Þannig að á vorönn í fyrsta sinn lengi var enginn í föstum viðtölum hjá mér. Ég aðstoðaði nokkra smá aðallega í gegnum námsráðgjafa.

Það hefur verið gífurlega mikið um fundarhöld í sambandi við HOFF hópinn, fyrir áramót, en svo eftir áramót hefur botninn alveg dottið úr þeirri vinnu, við erum boðuð trekk í trekk á fundi í Rvk. en svo er þeim frestað á síðustu stundu aftur og aftur. Hópurinn hefur bara einu sinni hist eftir áramót og þá var ég að kenna í lífsleikni á starfsbraut hjá Huldu. Meira hef ég ekki frétt af þeim hóp, þetta var mikið rætt á vorþingi forvarnarfulltrúa og félagsmálafulltrúa sem við Jón Özur fórum á 4. apríl og sitt sýndist hverjum. En niðurstaðan var sú að bíða og sjá hvað yrði í haust, en þetta verkefni hefur ekki staðið undir væntingum.

Einnig fórum við Jón Özur og Brynjólfur nemandi (Billi) á haustþingið 2. nóv. í Fjöltækniskóla Íslands og hann stóð sig með mikilli þryði strákurinn.

Svo kallaði ráðaneytið á fund, sem ég fór á 25. jan. og reyndar vegna misskilnings með Eyvindi 18. jan. en ég græddi á því að heyra hvað var í gangi hjá þeim. J

Báðar annir hef ég verið á fundum hér í Forvarnarteymi Árborgar, en ég sit bæði í stóru og litlu nefndinni. Þetta voru margir undirbúningsfundir fyrir stóru nefndar fundinn sem var svo haldinn 16. apríl og fór Stefán Hannesson með mér og stóð sig vel.

Einnig hef ég verið í sambandi við þetta á kynningarfundum hjá Rannsókn og greiningu á líðan ungs fólks í Árborg, miðað við landsheild, svo og hjá Blátt áfram, Speglinum og aðgerðum gegn sjálfsvígum.

Forvarnarnefndin vann að málum í kringum Káta daga, reyndum við að koma saman, en töflurnar okkar pössuðu svo illa saman að þetta varð hið versta mál, er möguleiki að fá einn tíma inn í töflu fyrir mig, Jón Özur og Agnesi til að hittast??????

Við vorum með mann frá KSÍ Örvar Ólafsson með fyrirlestur sem var skylda fyrir akademiurnar um lyfjanotkun í íþróttum. Sjúkraliðabrautin var með blóðþrýstingmælingu fyrir alla og fundust eins og alltaf nokkrir of háir. Svo vorum við með fyrirlestur um fjármál sem hún Álfhildur sá um.

Fastir liður voru böllin, ég er ánægð með árangurinn á þeim, en betur má ef duga skal og gestalistarnir eru búnir að sanna sig og balltíminn er frábær. Það eru allir sammála um það sem að málunum koma.

EN ég vil taka það fram sérstaklega að ég er mjög ósátt við að hafa ekki gestalista á ballinu núna 16. maí. Við eigum ekki að gefa þetta eftir.

Ída og Kristjana hafa verið á böllum með og gengið ágætlega, en með mér hafa verið Ægir Sig., Sirri og Ída.

Við Ægir verðum á þessu lokaballi 16. maí.

Ballfundir – ég hef mætt á þá alla og mér finnst þeir alltaf jafn nauðsynlegir.

Svo hef ég kallaða til þann hóp sem þarf aðhlynningu á böllum, en hann fer alltaf minnkandi.

Meira man ég ekki í bili.

Takk fyrir veturinn,

Íris Þórðardóttir hjúkrunarfræðingur, framhaldskólakennari og forvarnarfulltrúi FSu

2.6 Skýrsla Kátudaganefndar

Kátir dagar gengu vel, nemendur og kennarar tóku ágætlega þátt, en betur má ef duga skal. En flestir nemendur og kennarar sýndu lit og gerðu eitthvað. Í heildina tókst þetta bara vel að mínu mati.

Þátttaka nefndarmanna var misjöfn. Formaðurinn Brynjólfur stóð sig mjög vel og var mjög skipulagður, drifandi og hafði góða yfirsýn yfir vinnuna. Fjóla Dögg var líka dugleg og drifandi. Þau hefðu mátt vera duglegri við að dreifa álaginu á hina nefndarmennina, ég sá ekki mikið af hinum nefndarmönnum á fundum, þannig að ég get svo sem ekki dæmt um það hvort þau voru að gera eitthvað fyrir utan fundina.

Varðandi skipulagninguna þá var hún í góðum höndum hjá Brynjólfi, hugmyndavinnan gekk vel og virtust nemendur í nefndinni vera með það nokkuð á hreinu hvernig best sé að skipuleggja svona hátíð. Það sem mætti fara betur er upplýsingaflæði til nemenda um einstaka atburði, ef einhverjar breytingar er á dagskránni og þá sérstaklega það sem nemendur eru búnir að skrá sig í og jafnvel greiða fyrir. Það vantaði líka aðeins upp á upplýsingar um hvar og hvenær ætti að skrá sig á dagskráratríði. Það þarf sem sagt að skipuleggja upplýsingaflæðið betur.

Framkvæmdin gekk vel. Það hefði kannski mátt auglýsa betur einstaka atburði sem ekki var mikil aðsókn að. Framkvæmdin á lokahnykknum var líka til fyrirmyndar og gekk allt hratt og vel fyrir sig. Eins og áður hefðu Brynjólfur og Fjóla mátt dreifa álaginu betur, þau stóðu sig mjög vel.

Það er gott að hafa í huga fyrir næsta ár að halda vel utan um hlutina og skipuleggja þá vel. Það er gott að nýta sér upplýsingar frá fráfarandi nefndum, því að það þarf ekki alltaf að finna upp hjólið á hverju ári. T.d. endurtaka atriði sem gengu vel, eins og klippingar frá Iðnskólanum í Hafnarfirði, vinsæla fyrirlestra, kaffihús kórsins, kína áfanginn, háskóla kynningar ofl. Það væri jafnvel hægt að virkja fleiri kennara og nemendur í að setja upp kynningar á öðrum áhugaverðum áföngum og kynningar háskólanna finnst mér mjög mikilvægur partur af programmet.

Takk kærlega fyrir samstarfið
Kristjana Hrund Bárðardóttir

Á heildina litið fannst mér Kátir Dagar ganga mjög vel og þátttaka fannst mér góð. Að sjálfsögðu eru alltaf ákveðnir hlutir sem koma upp á í skipulagningu svona dagskrár en heildarsvipurinn var mjög góður. Einnig vil ég lýsa ánægju minni með þáttöku þeirra kennara á Kátum dögum og að mínu mati er það lykilatriði að góðri þáttöku, að kennarar taki virkan þátt í dagskránni og þá nægir hreinlega að vera viðstaddur og fylgjast með.

Þátttaka nefndarmanna var mjög misjöfn. Sem kennari get ég ekki lagt mat á þáttöku þeirra. Það er mjög mikilvægt að formaður Kátu Daga nefndar hafi góða yfirsýn yfir allt sem er í gangi og vil ég sérstaklega hrósa Brynjólfi fyrir einstaklega vel unnin störf. Þar sem nemendur þurfa að sinna námi meðfram því að standa að skipulagi hátíðarhaldanna þá er það mjög mikilvægt að hægt sé að dreifa vinnuálaginu á fleiri en einn eða tvo. Að mínu mati er fjöldi nefndarmanna nægilegur til þess að þetta sé vel hægt, en það sem upp á vantaði var virk þátttaka allra nefndarmanna. Af öðrum nefndarmönnum Kátu Daga nefndar vil ég sérstaklega hrósa Fjólu Dögg fyrir vel unnin störf, vinnusemi og ábyrgðartilfinningu gagnvart öllu starfi sem fram fór.

Hvað varðar skipulagningu fannst mér ganga mjög vel að koma fram hugmyndum og nemendur voru fyllilega með það á hreinu hvernig best er að stilla upp atburðum og hvernig er best að dreifa atburðum þannig að allt sé sem aðgengilegast og auðfundið. Hvað varðar um upplýsingaflæði til einstakra nemenda um atburði á Kátum Dögum þá þyrfti að endurskoða það atriði. Það er spurning hvort ekki mætti koma nánari upplýsingum um hvern atburð fyrir á netinu, þá jafnvel heimasíðu skólans eða eitthvað þvíumlíkt með aðstoð kennara. Þetta finnst mér að mætti skoða. Lokahnykkurinn á fimmtudagseftirmiðdeginum fannst mér takast einstaklega vel og finnst mér þetta mjög skemmtilegur vettvangur fyrir t.d. dansáfangu til þess að sýna afrakstur sinnar vinnu. Skipulagning fannst mér góð og dagskráin í heildina rann mjög slétt og fellt og vil ég hvetja kennara til þess bæði að taka þátt í þessari og dagskrá og síðast en ekki síst að mæta sem áhorfendur.

Það sem hefði mátt fara betur varðandi framkvæmd væri helst það að alltaf daga upp einn og einn atburður sem ekki virðist vera mikill áhugi á, en það mætti jafnvel leysa með auknu upplýsingaflæði til nemenda varðandi þessa liði.

Ég vil benda næstu Kátu Daga nefnd á það að leggja áherslu á að halda við þeim atburðum sem hafa verið hvað vinsælastir, og þá sérstaklega fyrirlestrum Magnúsar Skarphéðinssonar sem hafa undantekningarlaust verið þétt setnir síðastliðin 15 ár. Kynningar frá háskólum á Íslandi eru einnig mjög áhugaverðar og mikilvægar; nemendur fá þarna ómetanlegt tækifæri til þess að kynna sér hvað er í boði þegar námi er lokið í Fsu. Ódýrar klippingar frá nemendum í lðnskólanum í Hafnarfirði vakti einnig mikla lukku. Kaffihús kórsins er einnig mjög góð tilbreyting og það var mjög skemmtilegt hvað það skapaðist mikið líf í kringum framsetningu Kínaáfangans á ýmsu efni tengdu Kína. Þetta mætti endurtaka að ári og þá jafnvel með breyttum áherslum í samvinnu við áfanga/kennara.

Að lokum þakka ég kærlega fyrir einstaklega ánægjulegt samstarf,
Jóna Katrín Hilmarsdóttir, Enskukennari, Kátudaganefnd 2008

2.7 Skýrsla um skólahald á Litla-Hrauni

Haustönn 2007

Á Litla-Hrauni hófst kennsla á haustönn 23. ágúst en daginn áður höfðu stundaskrár og námsgögn verið afhent. Þá hafði 21 nemandi innritað sig til náms - þar af einn í fjarnám við IR - og einn nemandi að auki sótti daglega nám á Selfossi. 3 nemendur áttu eftir að bætast í hóp nemenda á Litla-Hrauni – þar af einn, sem eingöngu var í fjarnámi við FÁ, - þannig að alls voru 25 vistmenn innritaðir í nám á önninni. Auk áðurnefnds fjarnáms stundaði einn nemenda fjarnám við FSn í viðbót við staðbundið nám á Litla-Hrauni.

Eins og endranær heltust ýmsir úr lestinni, hófu aldrei námið eða hurfu á braut án þess að ljúka nokkru prófi.

Því er skemmst frá að segja, að fjarnámsnemarnir stóðu sig afburða vel: einn lauk 13 ETCS einingum á háskólastigi með frábærum árangri, annar tók aðeins einn áfanga í fjarnámi við FÁ og fékk einkunnina 10, sá þriðji tók fjóra áfanga í fjarnámi við FSn og fékk einkunnina 9 í hverjum og einum þeirra.

Af áðurgreindum 25 nemendum tóku aðeins 16 einhver próf. Alls voru þeir skráðir í 75 áfanga og undir voru lagðar 167 einingar. Af þeim náðust 120 einingar úr 54 áföngum, úr 5 áföngum fóru einingar í bið, í 10 áföngum skiluðu nemendur sér ekki til prófs og úr 6 áföngum fóru einingar í súginn vegna ófullnægjandi árangurs. Einn nemandi sagði sig úr einum áfanga áður en til prófs kom.

Sjö kennarar komu reglulega að Litla-Hrauni auk kennslustjóra og kenndu þeir samtals 9 greinar. Allmargir kennarar sáu um fjarnámsáfangana, en þurftu aldrei að koma í fangelsið.

Í eftirfarandi töflu má sjá hversu oft hvaða einkunn kom fyrir, hve mörg próf voru þreytt, hversu margar einingar voru staðnar og hve margar lágu undir á önninni:

Einkunn	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	B	Prfj.þ	Ein. st.	Ein- fj.u
Fjöldi	4	10	12	8	6	5	2	0	2	2	4	5	65	120	167

Staðbundin kennsla í spænsku hófst á Litla-Hrauni og naut vinsælda. Frh. verður á henni.

Í júní sl. sótti undirritaður ráðstefnu EPEA á Írlandi. Að þessu sinni veitti Menntaáætlun ESB/Grundtvig styrk til fararinnar, þannig að hvorki FSu né dmr. þurftu að bera kostnað af þátttökunni.

Í september sl. var svo síðasti samstarfsfundur starfshóps á vegum Nordplus Voksen, sem undirrit. starfaði í, haldinn í Bergen í Noregi. Þótt starfið í hópnum hafi vissulega verið fróðlegt, sem og fangelsisheimsóknir í tengslum við það, hyggst undirritaður færast undan að taka þátt í framhaldsverkefni á vegum hópsins vegna mikilla frátafa frá skólastarfi heima fyrir af völdum samstarfsins.

Samstarfsnefnd um menntun fanga starfaði af kappi og er lokaskýrslu að vænta frá henni fljótlega eftir nk. áramót.

Vorönn 2008

Á Litla-Hrauni hófst kennsla á vorönn 9. janúar en daginn áður höfðu stundaskrár og námsgögn verið afhent. Þá höfðu 30 nemendur innritað sig til náms. Einn nemandi átti eftir að bætast í hópinn. Þrír nemendur stunduðu eingöngu fjarnám við aðra skóla en FSu, þar af tveir við FtÍ, og einn var í staðbundnu námi við FSu auk fjarnáms við FSn. Að auki sótti einn nemandi skóla að Selfossi og útskrifaðist þaðan með stúdentspróf af félagsfræðabraut 23. maí sl. Við skólaslit flutti hann ræðu fyrir hönd brottfarenda. Á önninni þreyttu 17 nemendur alls 61 próf/prófsígildi og lágu 126 einingar undir. Af þeim náðust 98, tvær fóru í bið en 26 í glatkistuna. Algengasta einkunnin var 7, sem kom 16 sinnum fyrir, en sú næstalgengasta var 9, en hún náðist í 9 áföngum. Þá má geta þess, að einn nemandi lauk í fjarnámi upp á 17 ECTS-einingar og þurfti að þreyta 8 próf til þess. Hann kræktri sér í 5 tíur og 3 níur og eru þær einkunnir ekki inni í fyrrgreindri talnasúpu. Á síðustu haustönn hafði hann lokið 13 ECTS-einingum í fjarnámi og hlaut hann sérstök verðlaun nú í vor fyrir besta heildarárangur í þessu fyrrgreinda fjarnámi.

Níu kennarar komu reglulega að Litla-Hrauni auk kennslustjóra og kenndu þeir samtals 13 greinar. 4 kennarar sáu um Angel-áfanga, en þurftu aldrei að koma í fangelsið. Kennslustjóri sótti kvöldnámskeið hjá Fræðsluneti Suðurlands um notkun Excel í 2007-útgáfunni af Office. Nýttist það tveimur fjarnámsnemendum á Litla-Hrauni í UTN 103. Á önninni var óvenjumikil tilfærsla á nemendum skólans innan afplánunarstaða, en þó tókst með góðu samstarfi við starfsmenn fangelsanna á Akureyri og Kvíabryggju og áfangaheimilis Verndar í Reykjavík að láta 4 nemendur ljúka samtals 10 áföngum. Enn og aftur sannaði fjarnám í gegnum netið ágæti sitt í því sambandi.

Í febrúarbyrjun birtist skýrsla samstarfsnefndar um menntamál í fangelsum og í beinu frh. af birtingu hennar var ráðinn náms- og starfsráðgjafi við fangelsin í landinu; í ½ starf til að byrja með en í fullt starf frá 1. ágúst nk. Undirrit. fór ásamt náms- og starfsráðgjafanum til fundar við Guðmund Gíslason, forstöðumann annarra fangelsa en á Litla-Hrauni og Kvíabryggju, Pál E. Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar og Erlend S. Baldursson, deildarstj. Fms. Voru þar lagðar línur varðandi starf náms- og starfsráðgjafa og hefur hann í frh. af því heimsótt öll fangelsin í landinu.

Þá er stefnt að því að fara af stað með nám í grunndeild rafiðna á Litla-Hrauni í haust, en enn er óljóst um fjármögnun upp á ca. eina milljón kr. til tækjakaupa. Einnig hefur settur forstöðumaður Fangelsisins á Litla-Hrauni óskað eftir aukinni viðveru kennslu-stjóra á staðnum, en skólameistari FSu hefur enn ekki tekið afstöðu til þess máls.

Óskað var eftir að undirrit. tæki þátt í framhaldsverkefni á vegum Nordplus Voksen, en hann baðst undan því vegna mikilla frátafa frá mikilvægari störfum sem fyrirsjáanlega hefðu fylgt þátttökunni.

Jarðskjálfti, sem varð 29. maí sl., skók skrifstofu kennslustjóra á Litla-Hrauni illilega, en þrátt fyrir ókræsilega aðkomu virðist við fyrstu sýn tölvubúnaður ekki hafa laskast.

Gert í júníbyrjun 2008.

Ingis Ingason, kennslustjóri á Litla-Hrauni

2.8 Skýrsla námsráðgjafa

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

Starfslið og nemendafjöldi, símenntun og endurmenntun starfandi náms- og starfsráðgjafa, verkefni náms- og starfsráðgjafa með undirköflunum: *nýnemaviðtöl, námskeið fyrir nemendur og áhugasviðskannanir, kynningarstarf, prófatími, lestrarkönnun, opin vottorð, Nám 191 stuðningstímar, viðtöl og ýmis verkefni sem ekki falla undir neinn sérstakan lið* og að síðustu umræður og lokaorð

Starfslið og nemendafjöldi

Þetta skólaár störfuðu fjórir námsráðgjafar við skólann

Agnes Ósk Snorradóttir kom aftur til baka í byrjun mars úr fæðingarorlofi í 50 % starf

Anna Fríða Bjarnadóttir var í 100 % starfi fram í mars en þá breyttist starfshlutfall hennar í 50 % og hún tók við starfi náms- og starfsráðgjafa í fangelsum á Íslandi í 50 % starfshlutfalli

Álfhildur Eiríksdóttir í 25 % starfi

Eyvindur Bjarnason í 75 % starfi

Nemendur voru 1090 á haustönn, þar af 1025 í dagskóla. Á vorönn voru nemendur um 900 og þar af 866 í dagskóla.

Símenntun og endurmenntun starfandi náms- og starfsráðgjafa

Anna Fríða fór á kynningu hjá Mimi símenntun um úrræði fyrir fólk með lestrar- og skriftarerfiðleika í september

Anna Fríða og Eyvindur fóru ásamt skólameistara á ráðstefnu um dyslexíu 5. og 6. október

Anna Fríða fór á kynningu um Europass 17. október

Eyvindur fór á fund í janúar um forvarnarverkefni í framhaldsskólum

Anna Fríða fór á námskeið um netfíkn tvo daga í febrúar

Agnes Ósk fór á fyrirlestur í Vallaskóla fyrir 9. og 10. bekk 6. mars en fyrirlesari þar var Davíð Bergmann ráðgjafi á Stuðlum

Anna Fríða og Álfhildur fóru á fjarfund þar sem kynning var á breyttum áherslum í MA-námi við Háskóla Íslands og ýmsum nýjungum tengdum náminu

Álfhildur fór á uppskeruhátíð meistaránema í náms- og starfsráðgjöf 27. maí

Álfhildur hefur síðastliðna tvo vetur verið í diplomanámi í náms- og starfsráðgjöf í fjarnámi og útskrifast 14. júní næstkomandi frá Háskóla Íslands.

Verkefni náms- og starfsráðgjafa

Nýnemaviðtöl

Í byrjun hvernar annar skipuleggja náms- og starfsráðgjafar viðtöl við nýnema. Auðvitað er sú vinna mun meiri á haustönn. Fyrirkomulag þeirra er þannig að nemendur eru boðaðir í viðtöl í litlum hópum þar sem farið er yfir verksvið náms- og starfsráðgjafa og ýmis mál sem snúa að nýnemum. Á haustönn tók nýnemaviðtöl fjóra daga en aðeins einn dagpart á vorönn ásamt því að farið var sérstaklega í heimsókn til þeirra grunnskólanema sem innrituðust um áramót.

Námskeið fyrir nemendur og áhugasviðskannanir

23.október Áhugasviðskönnunin IDEAS var lögð fyrir og voru þá 30 nemendur sem tóku könnunina. Hver og einn fékk svo í framhaldinu niðurstöður í persónulegu úrlausnarviðtali en hvert viðtal tekur 45-60 mínútur

31.janúar Áhugasviðskönnun IDEAS og voru þá 9 manns sem tóku könnunina. Hver og einn fékk svo í framhaldinu niðurstöður í persónulegu úrlausnarviðtali

17. apríl var haldið prófundirbúningsnámskeið og var það mjög vel sótt

22.apríl var haldið annað prófundirbúningsnámskeið sem var líka fullskipað

Alla prófdaga á vorönn var boðið upp á slökun hálf tíma áður en próf hófust yfirleitt tvisvar á dag sem opið var öllum nemendum

Kynningarstarf

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: kynningar innan og á vegum skólans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Svo eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Kynningar innan skólans

28. ágúst mætti Anna Fríða á fund sem haldinn var fyrir nemendur í fornámi og forráðamenn þeirra.

13. september mætti Anna Fríða á fund sem haldinn er með forráðamönnum nýnema og annarra nemenda undir 18 ára aldri.

17. október fór Anna Fríða með námskeið inn í fornámið um markmiðssetningu og tímastjórnun

Í nóvember fór Anna Fríða á fund nemenda í fornámi með námskeið um prófundirbúning

8. febrúar fóru Anna Fríða og Eyvindur í umsjón til grunnskólanemenda sem byrjuðu um áramót með kynningu

Kynningar háskóla

Allir háskólar á Íslandi komu í heimsókn á Kátum dögum 20. febrúar til að kynna sig og námsframboð sitt fyrir nemendum skólans. Þessi dagskrá var mun viðameiri en síðasta vetur og stefnt er að enn veglegri kynningu næst.

Tækniháskólinn í Horsens kom í heimsókn með kynningu 10. október

Tækniháskólinn í Óðinsvéum kom í heimsókn með kynningu 19. október

Business Academy West (Esbjerg) kom í heimsókn með kynningu 14. febrúar

University of Denmark (Syddansk) með aðsetur í Óðinsvéum og Sønderborg kom með kynningu 7. mars

Kynningar í grunnskólum

Grunnskólinn í Þorlákshöfn: 19. september fór Anna Fríða ásamt skólameistara í heimsókn með kynningu á skólanum

Foldaskóli: 15. október var Anna Fríða með símakynningu fyrir tvo nemendur þar sem stefna á nám hér næsta vetur

Grunnskólinn á Laugalandi: 13. febrúar fór Anna Fríða ásamt skólameistara í heimsókn með kynningu á skólanum

Grunnskólinn á Hellu: 26. febrúar fór Anna Fríða ásamt skólameistara í heimsókn með kynningu á skólanum

Flúðaskóli: 17. apríl fór Anna Fríða í heimsókn með kynningu á skólanum

Heimsóknir grunnskóla

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri kom í heimsókn með grunnskólanema 14. maí

Grunnskólinn í Þorlákshöfn kom í heimsókn með grunnskólanema 19. maí

Vallaskóli kom í heimsókn með grunnskólanema 21. maí

Prófatími

Náms- og starfsráðgjafar koma með ýmsu hættu nálægt prófundirbúningi. Nemendur geta sótt um lengri próftíma vegna lestrarörðugleika, prófkviða eða annarra þátta. Einnig geta þeir leitað eftir ýmsum sérúrræðum varðandi prófaðstæður.

Lestrarörðugleikar

Til þess að geta sótt um lengri próftíma vegna lestrarörðugleika verður greining að vera fyrirbyggjandi. Þessir nemendur eiga einnig rétt á hljóðprófum (próf lesin inn á disk fyrir viðkomandi nemendur), stækkuðu lettri, lituðum próförkum, munnlegum prófum og einveru eða fámenni í prófum. Það kerfi að láta viðkomandi nemendur hafa skírteini sem

gildir þann tíma sem nemendur eru í skólanum er heppilegra fyrir nemendur sem þurfa þá ekki að sækja um lengri próftíma á hverri önn.

Prófkviði

Í prófi er eðlilegt að finna fyrir einhverri streitu. Hófleg streita getur orðið hvetjandi og stuðlað að bættri frammistöðu nemandans í próflestri og við próftöku. Langvarandi og mikill prófkviði getur hinsvegar verið hamlandi og haft áhrif á frammistöðu í prófum. Prófkviði er tilfinning sem fylgir hræðslunni við að mistakast þar sem próf eða mat fer fram. Prófkviðinn hamlar skynjun, árangri og heftir próflestur og próftöku.

Nemandinn verður hræddur við að gera mistök og prófaðstæður verða í huga hans ógnandi, jafnvel skaðlegar. Nemendur með prófkviða hafa rétt á lengri próftíma og í sumum tilfellum einveru í prófum og/eða munnlegu prófi. Náms- og starfsráðgjafi lítur einnig sérstaklega til nemenda í prófum sé þess óskað.

Önnur úrræði

Önnur sérúrræði á prófatíma sem hægt er að sækja um í sérstökum aðstæðum eru að hafa aðstoðarmann, taka próf í tölvu eða fá að vera í fámenni/einveru og fleira sem gert er vegna utanaðkomandi aðstæðna í einstökum tilvikum.

Tilhliðrun í prófum

Á haustönn voru 46 nemendur sem fengu sértækar prófaðstæður en á vorönn 25, ýmist í öllum þeim greinum sem þeir þreyttu lokapróf eða einhverjum hluta þeirra allt eftir gerð prófa og aðstæðum hvers nemanda fyrir sig. Allir nemendur með greiningu eiga rétt á lengi próftíma og eins og áður hefur komið fram en fjöldi þeirra á haustönn var 99 og 87 á vorönn. Mismunandi er hvort nemendur nýta sér þennan rétt í öllum prófum eða bara hluta þeirra. Þar sem nemendur með greiningu fá allir skirteini sem þeir nota allan sinn námsferil hér er erfiðara fyrir okkur að hafa yfirsýn hverjir það eru á hverjum tíma. Þetta kerfi er hins vegar mun skilvirkara fyrir nemendur sem þurfa ekki að sækja um þetta á hverri önn heldur bara í eitt skipti þegar greining liggur fyrir.

Lestrarkönnun

Náms- og starfsráðgjöf hefur séð um að leggja fyrir og vinna úr lestrarkönnun sem lögð er fyrir í upphafi skólaárs í öllum byrjunaráföngum í íslensku. Niðurstöður hennar eru síðan sendar til Harðar Ásgeirssonar sérkennara og fór ákveðinn hluti nemenda í greiningarviðtöl og flestir nemendur fengu greiningu um leshömlur af einhverju tagi. Einnig er nokkuð um að nemendur sem áður hafa verið greindir leiti til sérkennara vegna erfiðleika til að rifja upp hver réttur þeirra sé í skólanum. Á lista yfir þá nemendur sem inniheldur sértæka námsörðugleika eru nú 87 nemendur og fækkaði mikið milli anna þetta skólaárið því þeir voru 99 á haustönn

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Fyrirkomulaginu var breytt á miðju skólaári. Fyrir áramót skiluðu nemendur inn opnu vottorði og svo dagbók vikulega þar sem kom fram hvernig þeir höfðu mætt. Eftir áramót skiluðu þeir inn opnu vottorði og hringdu svo í veikindasímann þegar þeir gátu ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur

yngr en 18 ára og veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst.

45 nemendur skiluðu inn dagbók á haustönn. Þeir byrjuðu í 800 einingum, hættu í 127 einingum, féllu í 211 einingum, voru með 6 einingar í bið og luku því 456 einingum eða 57 % þeirra eininga sem lagt var upp með. Þetta segir samt ekki alla söguna því sex hættu á önninni og eiga þar 97 einingar af 127 sem flokkast sem hætt. Aðrir sex nemendur féllu á önn og eiga því stóran hluta fallelninganna. Þrír nemendur fengu biðeinkunn í íslensku og náðu öllum öðrum einingum og 8 nemendur, eða 18 %, luku öllum einingum sem þeir byrjuðu í á önninni. Séu þeir með biðeinkunn í íslensku taldir hafa lokið öllu sínu eru það 25 % nemenda sem standa sig með þryði. Sé þeim einingum sleppt sem nemendur hættu í þá luku nemendur 68 % af þeim einingum sem þeir voru í þegar haustönn lauk. Ekki er óeðlilegt að þessi hópur nemenda hætti í einhverjum fögum þar sem mörg þeirra glíma við margvíslega erfiðleika og verða því að sníða sér stakk eftir vexti.

Á vorönn skiluðu 38 nemendur inn opnu vottorði. Þeir byrjuðu í 664 einingum, hættu í 85 einingum, féllu í 141 einingu, voru með 2 einingar í bið og luku því 439 einingum eða 66 % þeirra eininga sem lagt var upp með. Þetta segir samt ekki allt því 4 hættu á önninni í samtals 65 einingum. Einn nemandi féll á önn og einn fékk biðeinkunn í íslensku og lauk annars öllu sínu. Sjö nemendur luku öllum einingum sem þeir byrjuðu í á önninni eða 18 %. Sé þeim með biðeinkunn í íslensku bætt við eru það 21 % nemenda. Sé þeim einingum sleppt sem nemendur hættu í á önninni luku nemendur 75 % þeirra eininga sem þeir voru skráðir í þegar önninni lauk.

NÁM 191 stuðningstímar

Á haustönn var farið af stað með tilraunaverkefni sem fólst í því að reyna að styðja og leita úrræða fyrir þá sem höfðu fallið þrisvar eða oftar í sama áfanga. Ýmist fengu þeir tilboð um stuðningskennslu fagkennara eða regluleg viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum. Í upphaflega hópnum voru 37 nemendur en 23 voru skráðir í sérstakan áfanga í stuðningi hjá fagkennurum en um tíu aðrir voru í reglulegum viðtölum hjá Önnu Fríðu. Af þessum 23 sem voru í stuðningi hjá fagkennurum voru þrettán sem nýttu sér stuðninginn en aðrir tíu ekki. Í lokin var árangur upphaflega hópsins sá að níu nemendur náðu áfanganum sem þeir höfðu spólað í, ellefu féllu, fimm voru ekki í áfanganum sem þeir höfðu spólað í og tólf hættu í viðkomandi áfanga. Tæpur helmingur þeirra sem nýttu sér aðstoðina náði því árangri eða 45 %.

Ákveðið var að halda áfram með þetta verkefni á vorönn og var ljóst strax í byrjun að margir þeirra sem eru í þessum hópi ætluðu sér ekki að koma í skólann á vorönninni. Allir nemendur sem voru skráðir með áfangann nám 191 á stundatöflu fengu bréf afhent með henni þar sem tilgangur áfangans var útskýrður fyrir viðkomandi nemendum. Á vorönn voru 60 á upphaflega listanum en 50 var boðið úrræðið því hinir tíu voru ekki í viðkomandi spóláfanga eða mættu ekki í skólann í upphafi annar. Þetta eru ekki fimmtíu nemendur því nokkrir voru að spóla í tveimur eða þremur fögum og raunfjöldi því nokkru færri einstaklingar. 44 nemendur af 50 nýttu sér þjónustuna eða 88 % og því 6 nemendur sem nýttu sér hana ekki eða 12 %. Af þeim sem nýttu sér þjónustuna voru 25 (50%) sem náðu áfanganum í annarlok, 13 féllu (26 %) og 6 hættu á önninni (12%) ýmist í viðkomandi áfanga eða skólanum og höfðu nýtt sér þjónustuna fram að því að öllu leyti eða einhverju leyti í flestum tilvikum.

Viðtöl

Náms- og starfsráðgjafar taka að meðaltali sextíu til áttatíu viðtöl á viku. Á undanförunum árum hafa ýmsar leiðir verið reyndar til að halda utan um fjölda viðtala. Til dæmis var forritið Námsráðgjafinn tekið í notkun árið 2006 til reynslu og líka sú aðferð að hafa eyðublað til að skrá hvert viðtal á. Aldrei hefur samt tekist að halda nákvæma skráningu yfir fjöldann. Oft er alveg gríðarlegt álag og ekki vinnst tími til að skrá og vinna úr öllu sem skeður í dagsins önn. Af fenginni reynslu eru því fjöldatölur settar fram á þennan hátt núna í fyrsta skipti. Teknar voru þær vikur þar sem skráningar á viðtölum tókust nokkurn veginn og meðaltalið fundið. Álagspunktur í viðtölum eru auðvitað í kringum valviku og prófatíma sem er á hverri önn svo dæmi sé tekið og lítill tími fyrir nokkuð annað en það á þeim tíma. Aðrar ástæður koma líka til eins og lög um persónuvernd og mikla umræðu innan fagstéttarinnar um hvaða upplýsingar á að skrá og hvernig. Sú þróun sem við urðum vör við á síðasta ári að karlmenn leituðu í auknu mæli til náms- og starfsráðgjafa hélt áfram. Einnig var mikil aukning samtala af ýmsu tagi. Meiri tími fór í viðtöl við foreldra, kennara og ýmsar stoðstofnanir vegna einstakra nemenda en oft áður. Einnig tók vinna og utanumhald um Nám 191 pláss í stundatöflu náms- og starfsráðgjafa og stundum líka utan hennar. Þetta er mjög jákvætt verkefni og mikilvægt að gera ráð fyrir tíma náms- og starfsráðgjafa sem fer í þetta.

Ýmis verkefni sem ekki falla undir neinn sérstakan lið

Náms- og starfsráðgjafi/náms- og starfsráðgjafar:

- ü Uppfærðu og endurbættu heimasíðu náms- og starfsráðgjafar en þeirri vinnu er ekki lokið enda er þetta að sumu leyti eilífðarverkefni. Þeirri vinnu er ekki að fullu lokið en stefnt er að því að klára það á næsta skólaári
- ü Áttu samskipti við foreldra vegna einstakra nemenda
- ü Áttu bæði formlega og óformlega fundi með stjórnendum vegna nemenda
- ü Áttu samskipti við kennara vegna einstakra nemenda
- ü Tóku þátt í ýmsum könnunum þar sem leitað var til okkar um ýmis málefni
 - o hvaða úrræði eru í boði fyrir nemendur með ADHD í framhaldsskólum
 - o starfsvettvangur náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum á landsbyggðinni
 - o spurningarlista frá Geðrækt
- ü Fengu meira pláss fyrir kynningarbæklinga háskóla og sérskóla og endurskipulögðu kynningarhorn náms- og starfsráðgjafar í framhaldinu
- ü Voru á fundi þar sem grunnskólanemar úr 10.bekk sem innrituðust um áramót gengu frá umsókn sinni og vali fyrir vorönn
- ü Komu af stað stuðningshóp fyrir nemendur með geðraskanir sem hittust vikulega
- ü Kynntu sér eineltisáætlanir annarra framhaldsskóla og í bígerð er að stofna vinnuhóp um gerð slíkrar áætlunar
- ü Fengu nemendur í FÉL 403 til að vinna könnun um hópamyndun til að nýta í vinnu við gerð eineltisáætlunar
- ü létu þýða helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa á ensku og spænsku sem hugmyndin er að nota til að ná betur til erlendra nema eða með íslensku sem annað móðurmál
- ü Lauk vinnu við að útbúa matreiðslubók fyrir heimavistarbúa sem ætlunin er að dreifa í byrjun næstu annar

- Ü Eiga fulltrúa í forvarnarteymi skólans og sitja þar ásamt forvarnarfulltrúa og félagsmálafulltrúa skólans og koma þannig að ýmsum verkefnum á þeim vettvangi til dæmis á Kátum dögum
- Ü Eiga fulltrúa á fundi stjórnenda einu sinni í viku
- Ü Eiga í ýmsum samskiptum við félagsmálayfirvöld vegna einstakra nemenda og einnig fleiri stofnanir s.s BUGL, Greiningarstöð ríkisins, Stígamót, SÁÁ, göngudeild Landspítalans vegna átröskunar.....
- Ü Eru milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka sem þeir eiga rétt á að fá frá Blindrabókasafninu
- Ü Halda utan um nemendur með greiningar, yfirfara þessa lista í upphafi hverrar annar og senda kennurum viðkomandi nemenda upplýsingar í framhaldinu ástæðu þess að þeir eru á greiningarlistum og veita í sumum tilvikum aðstoð bæði við kennara og nemendur við námið
- Ü Hringja í alla nemendur sem falla á önn og alla nemendur sem falla í þremur eða fleiri fögum þegar niðurstöður prófa liggja fyrir í lok hverrar annar
- Ü Fyrirhugað er að fá námskeiðið Baujuna í skólann á næstu önn sem snýr að sjálfsstyrkingu nemenda
- Ü Byrjuðu vinnu við að útbúa kynningarbækling fyrir nemendur í skólanum um náms- og starfsráðgjöf
- Ü Eru byrjaðir á vinnu í framhaldi af niðurstöðum sjálfsmats sem náms- og starfsráðgjafar fengu í hendur á vordögum

Umræður og lokaorð

Samkvæmt skólustefnu KÍ 2008-2011 eiga "Nemendur á hvert stöðugildi í náms- og starfsráðgjöf verði ekki fleiri en 300. Þó sé alltaf tekið tillit til nemendasamsetningar í hverjum skóla." (<http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=4688> bls. 7). Séu stöðugildi í skólanum borin saman við nemendafjölda með þessa tilvitnun í huga er stöðuhlutfall okkar allt of lítið og ætti að vera nær þrem stöðugildum en tveim eins og nú er. Álagið sem við finnum fyrir er líka í samræmi við að milli 400 og 500 nemendur eru á hvort stöðugildi ásamt því að þessi skóli er með mjög breiðan nemendahóp með allskonar bakgrunn úr grunnskóla sem veldur líka ákveðnu álagi.

Umræða hefur skapast um það vegna umfangs ákveðinna verkefna að þörf sé á ráðningu sérstaks dyslexíuráðgjafa fyrir nemendur vegna fjölda þeirra og einnig á að ráða sálfræðing eða félagsráðgjafa í hlutastarf til að mæta þörf nemenda með alvarlegan persónulegan vanda.

Varðandi aðstöðu náms- og starfsráðgjafa hefur hún verið að breytast nær árlega vegna ákveðins aðstöðuleysis. Galli er hvað skrifstofur náms- og starfsráðgjafa eru dreifðar og vegna fjölgunar þeirra sem gegna starfi náms- og starfsráðgjafa er kominn tími á fleiri skrifstofur og ákveðið nými sem væri eingöngu fyrir okkur. Draumastaðan væri sú að allir ráðgjafar hefðu skrifstofu hver fyrir sig á afmörkuðu svæði þar sem væri líka hægt að hafa kynningarhornið ásamt fundarherbergi.

Með breyttu vinnulagi við opin vottorð þar sem nemendur koma ekki lengur reglulega til náms- og starfsráðgjafa með dagbókarskráningar kallar það á aðrar vinnuaðferðir náms- og starfsráðgjafa. Ekki síst þar sem hluti af ástæðunni fyrir því að þetta verkefni var flutt til náms- og starfsráðgjafa upphaflega var sú að nemendur mættu þá reglulega til okkar til

að meta stöðuna. Þessi breyting kallar á að við mótum okkur nýjar vinnureglur í sambandi við þennan málaflokk.

Tilraunaverkefnið NÁM 191 með stuðningstíma við nemendur sem falla ítrekað í ákveðnum áföngum er búið að vera í gangi á þessu skólaári og við lýsum yfir ánægju okkar með hversu vel hefur tekist til. Margir nemendur eru að vinna mikla sigra og í sumum tilvikum virðist það eitt að vera skráður í slíkan áfanga duga til að nemendur nái utan um nám sitt í viðkomandi fagi.

Á miðju þessu skólaári urðu skólameistaraskipti og viljum við enda skýrslu okkar á að þakka fráfarandi skólameistara Sigurði Sigursveinssyni fyrir samstarfið á liðnum árum og bjóðum jafnframt nýjan skólameistara Örlyg Karlsson velkominn til starfa.

2.9 Skýrsla prófstjóra

Haustönn 2007

Þórarinn Ingólfsson samdi próftöfluna að vanda. Annar undirbúningur fyrir prófin hófst 16. nóvember

Lögð voru 3.412 próf fyrir nemendur. Stærstu prófdagarnir voru að vanda íþróttaprófin (502 próf) og stærðfræðin (fyrstu stærðfræðiprófin – 489 próf). Nýmæli var að stóru fögunum eins og stærðfræði, ensku, íslensku og dönsku var skipt niður á tvo eða fleiri próftíma, þannig að heildarfjöldi í hvert sinn var viðráðanlegri. Minnsti prófdagurinn var síðasti prófdagurinn 13. des. með 72 nemendur kl. 8:30 og 54 nemendur kl. 11:30.

Þegar prenta átti út yfirsetutöflur kennara kom í ljós að próftöfluforritið sýndi ekki stofurnar sem áföngunum var raðað í. Varð því að hlaða inn gamalli útgáfu af próftöfluforritinu og prenta yfirsetutöflurnar úr því til að kennararnir sæju í hvaða stofum áfangar þeirra væru.

Á fyrsta prófdegi virtust nemendur rata illa í stofurnar. Í fyrstu var álitnið að þeir veldu sjálfir í hvaða stofu þeir færu – væru jafnvel að forðast salinn. Síðar um daginn kom í ljós að próftöfluforritið í Innu raðaði vitlaust í stofurnar þannig að of margir voru settir í stofur sem aðeins tóku 30 manns og of fáir í salinn. Prófstjóri endurraðaði því í stofurnar fyrir næstu daga. Kvartað var við þjónustuaðila Innu sem leiðréttu villuna þannig að hægt var að endurraða seinni prófavikunni vélrænt.

Fjöldi yfirseta hjá kennurum var reiknaður út frá kennslumagni á önninni. Meðal yfirsetufjöldi var 4 - 5 yfirsetur.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig. U.þ.b. 100 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir í einum áfanga, nokkrir í tveimur og einn í þremur. 11 nemendur fóru í endurtektarpróf mánudaginn 17. desember.

Prófsýning var á þriðjudegi sem gaf prófstjóra, áfangastjóra og starfsfólki skrifstofu nægan tíma til að undirbúa hana.

Vorönn 2008

Próftafla var samin af Þórnari Ingólfssyni. Undirbúningur fyrir prófin hófst 16. apríl. Lögð voru 2.654 próf fyrir nemendur sem er u.þ.b. 750 færri próf en á haustönn 2007. Stærstu prófdagarnir voru íslenskuprófin (324 próf), enskuprófin (282 próf) og seinni stærðfræðiprófsdagurinn (367 próf). Fyrsti prófdagurinn var heldur fámennari en venjulega (318 próf) þar sem ÍÞR211 var próflaus áfangi þessa önn. Í þetta sinn var dönsku og stærðfræði skipt niður á tvo próftíma en ekki íslensku og ensku. Minnsti prófdagurinn var að vanda síðasti prófdagurinn (14. maí) með 69 nemendur kl. 8:30 og 47 nemendur kl. 11:30.

Þegar prenta átti út yfirsetutöflur kennara kom í ljós, eins og á haustönn, að próftöfluforritið sýndi ekki stofurnar sem áföngunum var raðað í. Varð því aftur að hlaða inn gamalli útgáfu af próftöfluforritinu og prenta yfirsetutöflurnar úr því til að kennararnir sæju í hvaða stofur þeir ættu að fara. Kvartað var við þjónustuaðila Innu og verður vonandi búnið að bæta úr þessu á næstu önn.

Fjöldi yfirseta hjá kennurum var reiknaður út frá kennslumagni á önninni. Meðal yfirsetufjöldi var 4 - 5 yfirsetur. Þar sem prófum hefur fækkað töluvert reyndust flestir kennarar vera með einni yfirsetu minna en kennslumagn sagði til um. Yfirsetan gekk vel að öllu leyti.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – Dagur var á milli síðasta prófs og sjúkraprófa þessa önnina og er það vel. U.þ.b. 80 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir í einum áfanga, nokkrir í tveimur og tveir í þremur. 3 nemendur fóru í endurtektarpróf mánudaginn 19. maí.

Prófsýning var á þriðjudegi sem gaf prófstjóra, áfangastjóra og starfsfólki skrifstofu nægan tíma til að undirbúa prófsýninguna.

Selfossi, 3. júní 2008
Ragnheiður Ísaksdóttir

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2007 til 2008



Á haustönn 2007 áttu sæti í stýrihópi um sjálfsmat þau Björgvin E. Björgvinsson, Þórarinn Ingólfsson, Þórunn Jóna Hauksdóttir, Ægir Sigurðsson og Örlygur Karlsson sem jafnframt var umsjónarmaður sjálfsmatsins við skólann. Þessi hópur hélst sá sami alla haustönnina, en í upphafi vorannar (nánar tiltekið 1. febrúar) tók Örlygur við starfi skólameistara við skólann og í framhaldi af því fækkaði um einn í hópnum. Þórarinn tók þá við af Örlygi sem umsjónarmaður sjálfsmatsins. Stýrihópur um sjálfsmat hittist vikulega, fór yfir ýmis mál og skipulagði starfið. Alls voru haldnir fimmtán fundir á haustönn 2007 og þrettán á vorönn 2008. Mestur tími hópsins fór í að skoða hvað væri gott að nota sem fullyrðingar til þess að láta kennara meta. Einnig fór mikill tími í að gera aðgerðaáætlun til þess að styðjast við þegar unnið var að úrbótum.

Vinna á skólaárinu byggði á því að ljúka við síðustu þættina sem átti eftir að meta í starfsemi skólans. Þessir þættir voru á haustönn tengdir náminu og starfsfólkinu (þættir 2 og 3). Á vorönn voru lykilorðirnar varðandi þjónustu og samstarf metnir (þættir 4 og 5). Eins og á síðasta skólaári var notast við skoska sjálfsmatskerfið „How good is our school“ (HGIOS) sem byggir á því að virkja sem flesta til starfsins og að rannsaka ýmsa þætti með umræðu. Út úr umræðunum hafa komið fullyrðingar sem hafa verið metnar og fengið einkunnir. Þegar niðurstöður hafa legið fyrir hefur sjálfsmatshópurinn farið yfir niðurstöðurnar og sérstaklega skoðað þá þætti sem fengið hafa einkunn undir 4 af 6. Í framhaldi af því hefur verið gerð aðgerðaáætlun og fundnir ábyrgðaaðilar sem sjá til þess að unnið verði að úrbótum.

Sjálfsmatsfundir með kennurum voru fjórir á skólaárinu þar sem unnið var að HGIOS, tveir á haustönn og tveir á vorönn, að auki var einn fundur á haustönn þar sem kennarar unnu að öðrum málum tengdum sjálfsmati. Á þessum fundum settu kennarar fram fullyrðingar sem síðan voru metnar af sjálfsmatshópnum. Út úr þessari vinnu komu fullyrðingar sem kennarar mátu á næsta fundi á eftir og gáfu einkunnir. Fundirnir hafa gengið vel og hafa flestir kennarana verið jákvæðir gagnvart vinnunni sem hefur farið fram á þeim. Ástæða er til að þakka kennurum og öðru starfsfólki sem tekið hefur þátt í sjálfsmatinu fyrir vel unnin störf. Það sem hefur komið í ljós er að sjálfsmatskerfið sem slíkt hvetur til umræðu um skólastarfið og er það eitt og sér afurð sem við getum verið ánægð með. Nemendur úr nemendaráði mættu einu sinni á fund með okkur (12. október) og unnu þá að því sama og kennarar þ.e. að gefa einkunnir fyrir ákveðnar fullyrðingar. Miðað við niðurstöðurnar frá þeim í samanburði við niðurstöður kennara er ljóst að æskilegt er að fá nemendur oft til samstarfs við okkur.

Á vorönn voru lagðar fyrir ýmsar kannanir sem tengdust ákveðnum hópum sérstaklega eða að metin voru ákveðin svæði innan skólans. Könnuð var meðal kennara notkun á tölvum og óskir um námskeið í tengslum við þær. Nemendur í hestamennsku svöruðu könnun sem tengdist greininni og nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót svöruðu könnun. Bæði var um að ræða nemendur sem komu inn í FSu um áramót 2006 – 2007 og áramót 2007 – 2008. Að auki var lögð fyrir starfsfólk könnun varðandi starfsmannamötuneytið.

Fjórskólasamstarfið (FSu, FVA, FS og FSN) hefur haldið áfram og var ákveðið að leggja aftur fyrir könnunina sem lögð var fyrir á haustdögum 2006. Könnunin var lögð fyrir í febrúar 2008 og var hún lögð fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Þátttaka var ekki eins góð og haustið 2006 og er erfitt að gera sér grein fyrir hvers vegna. Umsjónartíminn á föstudegi var notaður til fyrirlagnar fyrir nemendur, en kennarar og annað starfsfólk fékk lengri tíma til að svara.

Í lok vorannar nánar tiltekið 20. maí 2008 voru niðurstöður úr sjálfsmatinu kynntar fyrir kennurum skólans í tengslum við kennarafund sem þá vara haldinn. Umræður urðu um sjálfsmatskerfið og má segja að kennarar hafi almennt verið ánægðir með fyrirkomulagið. Það er samdóma álit að það þurfi að reyna að virkja nemendur til þess að taka meiri þátt í matinu og verður það hlutverk stýrihóps um sjálfsmat að finna út aðferðir til þess á komandi skólaári.

Á næsta skólaári verður unnið áfram með sjálfsmatið og verður byrjað á nýjum hring þ.e. það sem var metið fyrst á haustönn 2006 fer núna aftur í mat og verður þá væntanlega hægt að sjá hvað hefur áunnist og hvað má enn betur fara. Eins og áður sagði er hugmyndin að reyna að virkja nemendur enn frekar til samstarfs og jafnframt utanaðkomandi aðila til þess að reyna að átta sig á hvað má betur fara í starfi okkar.

Meðfylgjandi í þessari skýrslu eru kannanir sem unnið var að á skólaárinu og jafnframt niðurstöður úr þeim.

Leiðbeiningar vegna sjálfsmatsfundar 14. september 2007 með kennurum í FSu.

1. Á fundinum í dag á að skoða lykilkætti 2 og 3 **Námið (2), Starfsfólk (3)**.
2. Lykilkættunum er skipt niður í 2 x 5 gæðagreina og hver hópur kennara á að skoða tvo þeirra.
3. Verkefni hvers hóps er að búa til 4 – 6 setningar/fullyrðingar/spurningar tengdar við hvern gæðagreini.
4. Hafa þarf í huga að hægt sé að skoða afurð (setningar/fullyrðingar/spurningar) hvers hóps og gefa hverjum lið einkunn frá 1 og upp í 6.
5. Látið heimsíðu skólans ekki leiða ykkur – Við ætlum **EKKI** að meta heimsíðu skólans sem slíka í þetta skiptið.

Dæmi: Kennarahópur fær það hlutverk að skoða gæðagreininn „húsnæði og lóð“. Hlutverk hópsins er þá að velta fyrir sér hvaða þætti þarf að skoða til þess að meta starfsanda.

Út úr vinnu hópsins gæti komið:

- A. Aðgengi er gott í og að húsum skólans.
- B. Bílastæði eru næg og umferð um þau greið.
- C. Umgengni um hús og lóð er góð.
- D. Húsnæði hentar starfsemi og markmiðum skólans.
- E. Aðstaða nemenda er fullnægjandi.

Verkefnin eru:

HÓPUR	GÆÐAGREINAR
1	2.1 Námsframboð + 3.4 Félagsstarf starfsfólks
2	2.2 Kennsla/kennsluaðferðir + 3.5 Starfsaðstaða
3	2.3 Námsmat/námsárangur + 3.3 Verkaskipting
4	2.4 Námskröfur og mætingareglur + 3.1 Starfsandi
5	2.5 Ástundun nemenda + 3.2 Mannauður/starfsmat
6	2.1 Námsframboð + 3.4 Félagsstarf starfsfólks
7	2.2 Kennsla/kennsluaðferðir + 3.5 Starfsaðstaða
8	2.3 Námsmat/námsárangur + 3.3 Verkaskipting
9	2.4 Námskröfur og mætingareglur + 3.1 Starfsandi
10	2.5 Ástundun nemenda + 3.2 Mannauður/starfsmat

Vinsamlegast skilið niðurstöðum inn í viðeigandi möppu á

H:\starfsfolk\Sjalfsmat\14sept2007

Merkið með númeri hópsins. (Dæmi: hopur 1, hopur2...)

Niðurstöður úr vinnu 14. september 2007

2.1 Námsframboð.

1. Nemendur geta fundið nám við sitt hæfi.
2. Kynning á námsframboði skólans er fullnægjandi
3. Framboð á fjarnámi er fullnægjandi.
4. Kynning á fjarnámi er fullnægjandi.
5. Námsframboð er það gott að nemandi þarf aldrei að fresta útskrift.
6. Foreldrum nýnema er kynnt námsframboð á hverju ári.
7. Námsframboð fyrir stúlkur er fjölbreytt.
8. Námsframboð fyrir stráka er fjölbreytt.
9. Þörf er á stuttum starfstengdum brautum.
10. Akademiurnar eru dæmi um vel heppnað námsframboð.
11. Nemendur af báðum kynjum geta fundið nám við hæfi
12. Kynning á námsframboði skólans er fullnægjandi
13. Áfangaframboð er það gott að nemandi þarf aldrei að fresta útskrift

14. Akademiurnar/hestabraut eru dæmi um vel heppnað námsframboð
15. Skólinn á að bjóða upp á fjarnám
16. Nægilegt framboð er af stuttum starfstengdum brautum.

2.2 Kennsla/kennsluaðferðir

1. Kennslan er góð
2. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar
3. Kennarar eru leitandi og duglegir að tileinka sér nýjungar
4. Kennarar hafa góða menntun og góða yfirsýn
5. Kennara eru sjálfstæðir í mati og vinnubrögðum
6. Kennslan er markviss og höfðar til nemenda
7. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar.
8. Kennsla er löguð að þörfum nemenda.
9. Gæði kennslu í FSU er sambærileg öðrum skólum á sama skólastigi.
10. Kennsla og kennsluaðferðir eru reglulega endurskoðaðar.
11. Það er hlustað á skoðanir nemenda varðandi kennslu og kennsluaðferðir.
12. Kennsla er markviss og höfðar til nemenda
13. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar
14. Það er hlustað á skoðanir nemenda varðandi kennslu og kennsluaðferðir
15. Gæði kennslu í FSu er sambærileg öðrum framhaldsskólum
16. Kennarar eru leitandi og duglegir að tileinka sér nýjungar
17. Kennarar eru sjálfstæðir í mati og vinnubrögðum

2.3 Námsmat / námsárangur

1. Námsmat mælir námsárangur.
2. Námsmat endurspeglar námsmarkmið.
3. Námsmat verður að vera áreiðanlegt og réttmætt.
4. Mismunandi námsmat hæfir mismunandi námsmarkmiðum.
5. Hverjum þjónar námsmatið?

6. Hvað telst góður námsárangur?
7. Eru kennsluáætlanir í samræmi við aðalnámsskrá?
8. Er námsmat í samræmi við námsskrá?
9. Er námsárangur einstakra áfanga aðgengilegur fyrir alla?
10. Er samræmi milli kennslu og námsmats?
11. Námsmat mælir námsárangur.
12. Námsmat endurspeglar námsmarkmið.
13. Mismunandi námsmat hæfir mismunandi námsmarkmiðum.
14. Námsmat er í samræmi við aðalnámsskrá.
15. Útskrifaðir nemendur úr F.Su eru vel undirbúnir fyrir frekara nám.
16. Útskrifaðir nemendur úr F.Su eru vel undirbúnir fyrir þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

2.4 Námskröfur og mætingareglur

1. Námskröfur eru hæfilegar
2. Námskröfur miðast við ólíkar kröfur áfanga.
3. Kennsluáætlunir falla að fjölbreyttum námskröfum.
4. Námskröfur eru sambærilegar á milli greina/áfanga.
5. Mætingareglur eru sanngjarnar
6. Mætingareglur eru nauðsynlegar
7. Það kostar mikla vinnu að framfylgja mætingareglum.
8. Mætingareglur eru einfaldar
9. Mætingareglur eru sanngjarnar
10. Það er auðvelt að svindla á mætingareglum
11. Námskröfur eru mismunandi eftir kennurum / fögum / brautum
12. Auka mætti námskröfur
13. Er einstaklingsmat réttlætanlegt í hóp?
14. Námskröfur eru hæfilegar
15. Námskröfur miðast við ólíkar kröfur í áfanga

16. Námskröfur eru sambærilegar á milli greina/áfanga
17. Mætingareglur eru sanngjarnar og veita nemendum aðhald
18. Kennarar framfylgja mætingareglum

2.5 Ástundun nemenda

1. Ástundun nemenda er góð.
2. Ástundun fer saman við mætingu í tíma.
3. Ástundun fer saman við vinnu nemenda.
4. Ástundun fer eftir vinnu nemenda í kennslustund.
5. Nemendur mæta með námsgögn í tíma.
6. Nemendur koma vel undirbúnir í tíma.
7. Ástundun fer eftir ástandi nemenda í kennslustund.
8. Nemendur sinna námi í kennslustundum mjög vel
9. Nemendur mæta stundvíslega í alla tíma
10. Nemendur sinna heimanámi mjög vel
11. Nemendur eru jákvæðir gagnvart námi sínu
12. Nemendur fara eftir reglum skólans (trufla ekki í tímum) (ekki með síma/í tölvuleikjum)
13. Nemendur mæta alltaf með námsgögn
14. Nemendur sýna námi sínu mikinn áhuga
15. Nemendur nýta vel þá stuðningstíma sem boðið er upp á.
16. Nemendur eru áhugasamir/jákvæðir gagnvart námi sínu
17. Nemendur sinna vel námi í kennslustundum
18. Nemendur fylgja óskráðum reglum í kennslustofunni
19. Nemendur sinna heimanámi vel

3.1. Starfsandi

1. Starfsandi er til fyrirmyndar.
2. Markvisst er unnið að góðum starfsanda.
3. Stjórnendur skólans stuðla að góðum starfsanda.

4. Góður starfsandi er hvetjandi fyrir starfsfólk.
5. Starfsandi er góður
6. Jákvæðar hefðir skapa góðan starfsanda
7. Starfsandi er mismunandi eftir búsetu / deildum
8. Auka mætti samvinnu innan deilda / milli húsa
9. Starfsanda má bæta
10. Ný eyktarskipan dregur úr samskiptum fólks.
11. Starfsandi er góður
12. Samstarf milli námsgreina er gott
13. Starfsandi er góður á öllum vinnusvæðum
14. Dreifing vinnusvæða hefur áhrif á starfsandann
15. Starfsfólk hefur góðan tíma til samskipta í vinnunni

3.2 Mannauður / starfsmat

1. Menntun starfsmanna er góð.
2. Hæft /gott starfsfólk skiptir höfuðmáli fyrir skólann.
3. Starfsmannavelta skólans er hæfilega hröð.
4. Aldursdreifing starfsfólks er eðlileg.
5. Kynjahlutfall er hæfilegt / eðlilegt.
6. Starfsfólk skólans er menntað til þeirra starfa sem það hefur með höndum.
7. Starfsfólk sinnir störfum sínum af kostgæfni
8. Starfsfólk skólans sinnir endurmenntun á sínu starfssviði
9. Starfsfólk skólans er jákvætt gagnvart starfi sínu.
10. Starfsmat er framkvæmt reglulega í skólanum
11. Skólinn leggur áherslu á að sjálfsmat sé framkvæmt
12. Menntun starfsfólks hæfir starfssviði þess
13. Starfsmannavelta skólans er hæfileg
14. Starfsfólk sinnir störfum sínum af kostgæfni

15. Starfsfólk sækir sér endurmenntun

16. Starfsmat er framkvæmt reglulega í skólanum

3.3. Verkaskipting

1. Verkaskipting er augljós.
2. Upplýsingaflæði er nægilegt.
3. Skynjar nýtt starfsfólk rétta verkaskiptingu?
4. Er öllu starfsfólki ljóst sínar skyldur?
5. Verkaskipting er skýr!
6. Öll verk hafa tilsjónarmann!
7. Verkaskipting er sanngjörn!
8. Auðvelt er að átta sig á verkaskiptingu!
9. Verkaskipting er skýr
10. Upplýsingaflæði er gott
11. Öllu starfsfólki er ljósar skyldur sínar
12. Verkaskipting er skilvirk
13. Verkaskipting er sanngjörn

3.4 Félagsstarf starfsfólks.

1. Félagsstarf starfsfólks er öflugt, fjölbreytt og gefandi.
2. Makar starfsfólks taka virkan þátt í félagslífinu.
3. Félagsstarfið hentar vel breiðum hópi fólks með fjölbreytt áhugamál.
4. Eitthvað félagsstarf fer fram í hverjum mánuði.
5. Kostnaður við félagsstarf starfsfólks er í lágmarki.
6. Nýjungar eru tíðar í félagsstarfi starfsfólks.
7. Félagsstarf starfsfólks er til fyrirmyndar.
8. Félagsstarf starfsfólks er uppþrengjandi.
9. Félagsstarf starfsfólks er heilsuþætandi.
10. Félagsstarf starfsfólks stuðlar að bættum starfsanda.
11. Félagsstarf starfsfólks stuðlar að faglegri umræðu.

12. Félagsstarfið er öflugt
13. Félagsstarfið er fjölbreytt
14. Gott jafnvægi er milli hefða og nýjunga í félagsstarfinu
15. Félagsstarfið er uppþrengjandi
16. Kostnaður við félagsstarfið er hæfilegur
17. Félagsstarfið stuðlar að faglegri umræðu

3.5 Starfsaðstaða

1. Starfsaðstaða er almennt góð
2. Tækjabúnaður er góður
3. Tækjabúnaði er vel við haldið
4. Tækjabúnaður nýtist vel
5. Starfsaðstæður eru örvandi fyrir hugmyndaríka kennara
6. Starfsaðstaða bíður upp á fjölbreytni í starfi
7. Starfsaðstaða nemenda er fullnægjandi.
8. Starfsaðstaða starfsfólks er fullnægjandi.
9. Kennslurými uppfyllir nútímakröfur um aðgengi og þægindi.
10. Jafnvægi er milli kennslurýmis og fjölda nemenda.
11. Kennslurými er aðlagað fjölbreyttum kennsluaðferðum.
12. Vinnuaðstaða kennara - utan kennslustofu - er góð
13. Kennslurými hentar kennslu hverju sinni
14. Skólinn er vel búinn tækjum
15. Starfsaðstaða nemenda er góð
16. Starfsaðstæður eru örvandi fyrir hugmyndaríka kennara

Sjálfsmat – mætingakerfið – 9. nóvember 2007

Hvernig meturðu vinnureglurnar sem notaðar eru fyrir mætingakerfið í skólanum?

- (0) Mjög slæmar
- (4) Slæmar
- (10) Í meðallagi
- (29) Góðar
- (2) Mjög góðar

Hverjir eiga að hafa eftirlit/umsjón með mætingum nemenda (Aðalábyrgð)?

- (30) Umsjónakennarar
- (13) Fagkennarar
- (4) Aðrir möguleikar, hverjir?

F - Margir nemendur geta lokið áfanga þrátt fyrir slaka mætingu. Þarf að vera hægt að meta stöðuna hjá hverjum nemenda eftir aðstæðum.

A – Einn aðili.

U – Fagkennarar ættu að fylgjast með mætingum. Þeir ættu að fylgjast með og henda út úr áföngum hjá sér.

U+F – Held að það sé betra að bæði fag- og umsjónarkennarar taki ábyrgð á mætingum nemenda.

A – Umsjónarmaður mætinga

U – Velti þó stundum fyrir mér fagkennurum í þessu sambandi.

U – Námsráðgjafar ef það væri hægt (s.s. ef þeir væru nógu margir).

- Mætingastjóri.

U+A – Sviðsstjórar – umsjónarkennarar eru nokkuð margir og það kann að vera veikleiki í kerfinu.

Hefur þú tillögur um breytingar á vinnureglunum sem notaðar eru við mætingakerfið?

- (8) Já
- (35) Nei

Ef svarið er já, þá hverjar?

- Færa til fagkennara
- Meiri áhersla á ábyrgð nemenda á námi sínu og mætingu
- Við þurfum að hætta að gefa nemendum til kynna að það sé í lagi að ná sér í vottorð til að koma sér undan vinnu.
- Koma umsjón með mætingum á eina hendi.
- E.t.v. ætti að skoða hlutfall milli einkunna og útkomu úr prófum t.d. þeir sem mæta illa þurfi hærri einkunnir til að ná áföngum.
- Þetta er erfitt mál og menn örugglega ósammála.
- Of auðvelt að melda sig veikan. Hef samt ekki lausn á því hvernig hægt sé að breyta því.
- Einfalt og gott.
- Gengið verði betur eftir því að allir séu undir sama hatti hvað það varðar.
- Hætta að skrá inn veikindaleyfi á nemendum með „opið vottorð”. Halda skrá yfir hverjir þetta eru en ekki skrá inn á tíma skv. dagbókum sem hvort eð er eru oftast bara búnar til skv. upplýsingum í Innu.
- Fagkennarar hafi fyrr samband við umsjónarkennara.
- Það er auðvitað spurningin hvort skólinn eigi að fara að bjóða fjarnám sem er þá alveg nýtt kerfi með allt öðrum mætingareglum.
- Að sviðsstjóri eða stjórnandi stroki nemanda endanlega út úr áfanga. Ekki almennur starfsmaður heldur stjórnandi. Stjórnandinn fer þá yfir málið í

heild. Erfitt fyrir umsjónarkennara að vera bæði rannsakandi og dómari í málinu.

- Ekki tilbúin að svara svona óundirbúin.

Samantekt – hópavinna – A – 9. nóvember 2007

A. Eiga námskröfur að vera sambærilegar á milli námsgreina/áfanga?

- Já,,,,,, eins og hægt er.....
- Eðlilegt er að gera svipaðar námskröfur milli námsgreina,,
- Mikilvægt er að hafa parallell langsum og þversum....
- Námskröfur milli einstakra áfanga (s.s. ísl-102) ættu að vera þær sömu.
- Kröfurnar ættu að vera sambærilegar miðað við þekkingu og hæfni nemenda.
- Kröfur í efri áföngum byggja á þekkingu sem nemendur öfluðu sér í neðri áföngum, eða ættu að hafa aflað sér, og virðast því stundum meiri.
- Já, ef miðað er við að bakvið hverja einingu sé jafnmikil vinna.
- Já til að mismuna ekki nemendum
- gera öllum námsgreinum/ áföngum jafn hátt undir höfði
- Í tengslum við áfanga innan sömu námsgreinar þá teljum við að það sé ákveðið samræmi milli áfanga, það er nauðsynlegt að halda því með góðri samvinnu og samráði.

- Varðandi mun á milli námsgreina þá er það erfiðara viðureignar.

B. Er hægt að bera saman námskröfur á milli námsgreina/áfanga?

- Já,,,,,,,,,,,, með sértækum námsskrárrannsóknnum,
- Námskröfur ólíkra greina eru eins ólíkar og fögin sjálf. Sömu kröfur á að gera til allra í hópnum. Í verklegum og bóklegum greinum er erfitt að gera sömu kröfur til nemenda s.s. kröfur til heimanáms.
- Já, tímafaktorinn= tíminn á bakvið námið, á að ráða.
- Já Út frá námsáætlunum, að námsáætlanir séu vel unnar þannig að hægt sé að meta námsáætlanir út frá vinnumagni og gerð.
- Að vissu leyti, vinnuframlag ætti að vera svipað, en námsmat og kröfur eru teygjanleg hugtök og flókið að meta slíkt.

C. Er ósamræmi á vinnuálagi á milli námsgreina/áfanga?

- Vætanlega ekki í sambærilegum áföngum,,,,,,,,,,,,,
- Vinnuálag er jafnt í sömu áföngum (sama nr.) en milli áfanga sömu er það mjög misjafnt námsgreinar (t.d. spæ103 mikið og spæ 203 minna). Oft er það vegna þess að námskráin gerir misjafnar kröfur. Úrval námsefnis getur einnig haft áhrif.
- Já, nemendur tala um mismunandi dýrar einingar – þó spurning líka hvort það sé álagið eða eitthvað sem nemendur eiga auðvelt með. Er heimanám faktor í þessu.
- Já það eru alltaf kennarar sem að klára alla heimavinnu í tímum, aðrir vinna í tíma og senda verkefni heim. Þekkt að sumir brautir eru léttari en aðrar.
- Léttara að taka próf úr hverjum kafla, en að þurfa að tengja allt efnið saman í lokaprófi. Sem sýnir ekki heildarkunnáttu, er meira páfagaukanám.

- Það var sagt mér það á síðasta fundi! Það mætti kanna það betur, en aftur þá er erfitt að meta hvað er mikil vinna fyrir hvern og einn. Hins vegar þarf að vinna bug á fordómum og tali um ódýrar einingar.

D. Eru símatsáfangar léttari en áfangar með lokaprófi?

- Nei ,,,, við teljum að áherzla á verkefnaskil og stöðuga vinnu allan áfangan,,, geri ekki minni kröfur en áfanga með lokaprófi...
- Léttari er afstætt hugtak. Vinnuálag er oft jafnara í símatsáföngum. Nemendur þurfa að vinna jafnt og þétt í símatsáföngum en í lokaprófsáföngum geta nemendur unnið vel fyrir prófin. Síamatsáfangar geta gert meiri kröfur til vinnubragða nemenda og þeir geta því fallið á vinnubrögðum. Þegar tekin eru lokapróf getur reynt minna á vinnubrögðin. Matsaðferðirnar símat og lokapróf eru ólíkar. Kannski best að hafa þær saman.
- Ekki hægt að slá því föstu – hugsanlega auðveldara þar sem efnið er tekið í skömmtum, en ekki stórt lokapróf. Símat jafnar álag á nemendur.
- Nei. Ekki ef þeir eru vel unnir og uppsettir og passað sé að vinnuálag sé jafnt og þétt og jafnt á við lokaprófsáfanga. Gott fyrir góða nemendu sem mæta vel og vinna vel, en ekki hina. Spurning hvort ekki megi vinna með bæði kerin bæði lokapróf og símat í greinum/deildum
- Þeir eru alls ekki léttari samkv. okkar reynslu er símat ákveðinn samningur um vinnulag og álag á námstímanum sem kemur vel út og krefst meiri vinnu af mörgum nemendum en þegar um lokapróf er að ræða.

E. Eru niðurstöður prófa áreiðanlegur mælikvarði á námskröfur áfanga?

- Já við teljum að prófin séu nokkuð áreiðanlegur mælikvarði á námskröfur áfanga,,, yfirleitt fær kennari nokkuð góða tilfinningu fyrir lokaniðurstöðu námsmats á miðri önninni,,, frávik eru sjaldgæf.
- Ef ekki eru gerðar sömu kröfur í náminu á önninu og á prófinu sjálfu eru niðurstöður ekki áreiðanlegur mælikvarði. Hægt er að gera miklar kröfur í kennslunni og hafa létt próf eða gera litlar kröfur í kennslunni og erfitt próf.
- Niðurstöðurnar eru áreiðanlegur mælikvarði, en sýna aðeins afmarkaða hlið – því er nauðsynlegt að taka líka mið af önninni, þ.e. annareinkunn
- Já, ef prófið er í samræmi við námskröfur sem gerðar eru í áfanganum vel unnið og sanngjarnt. Ef nemandi mætir og vinnur vel
- Nei, ef nemandi vinnur ekki neitt heima allan veturinn og mætir illa.
- Nei, ef próf er ekki í samræmi við námskröfur er of þugt eða of létt.
- Nei ekki eingöngu, fjölbreytni í námsmati er gríðarlega mikilvægt, þar sem reynt er á alla námsþætti og komið til móts við fjölbreytni í nemendahóp.

Samantekt – Hópavinna – B – 9. nóvember 2007

1. Hverjar eru „óskráðar“ reglur kennslustofunnar? Hvaða reglum eiga nemendur að fylgja í kennslustofunni?

- Klósettferðir.
- Seinkomur.
- Að vera rekin út ef nemandi kemur ekki með bók.

- Skór, munntóbak, símar og matur. (ekki samræmi í eftirfylgni hjá kennurum)
- Reglum sem skólinn setur og kennurum ber að framfylgja, ekki dyntum sérhvers kennara.
- Matföng ekki leyfð í kennslustund.
- Að nemendur mæti með kennslubækur og önnur kennslugögn.
- Að nemendur stundi nám sitt af kappi, en trúfli ekki kennslu.
- Að nemendur noti ekki síma meðan á kennslustund stendur. Ef nemendur þurfa að taka á móti áriðandi símtali þá séu þau búin að semja við kennara fyrirfram.
- Að nemendur skilji snyrtilega við sitt vinnusvæði áður en farið er úr tíma.
- Kennarar skuli þurrka af töflu í lok tíma.
- Að kennarar skili tölvuvögnum og sjónvarpsvögnum aftur á geymslusvæði eftir notkun.
- Að kennarar tæmi hillur, skúffur og skápa í sínum stofum í lok annar.
- Sýna af sér góða umgengni, kurteisni og vinnusemi.
- Allir eiga rétt á vinnufriði.
- Virða ber eigur annarra og sanngjarnar kröfur um umgengni.
- Þörf er á þvagfærasérfræðingi við stofnunina.
- Enginn fer út úr stofu nema að biðja um leyfi.
- Kennaranum ber að sinna því að óskráðar reglur stofunnar séu virtar.
- Næði og þögn þegar eitthvað er sagt yfir hópinn.
- Nemendur haldi kyrru fyrir í sætum og rápi ekki að óþörfu.
- Stundvísi; skráð seint ef kennari hefur lokið að skrá í Innu.

2. Hvernig má virkja nemendur betur til heimanáms?

- Að heimanám sé metið, sé skýrt og afmarkað.
- Ekki gefa heimanámið eftir, standa við það sem sagt er.
- Nýta 80 mínúturnar betur.
- Þjálfun og lestur sé heimanám ekki að læra nýtt efni.

- 8-4 er talið vera fullur 8 stunda vinnudagur og ætti ekki að þurfa að taka vinnuna með sér heim.
- Með D-merkingum. Nemendur geti unnið af sér mætingu t.d. í síðasta tíma vikunnar með því að vera búin með verkefni vikunnar.
- Nemendur fái umbun í einhverju formi fyrir vel unna heimavinnu og kennarar þurfa þá að sýna svörun með skjótum hætti.
- Leggja ber niður heimanám. Heimakstur er langur, átta tímar hæfilegur vinnudagur, nemandinn á sér líf utan stofnunar.
- Líta ber á skóladaginn sem vinnudag nemanda.
- Gera þarf könnun á námi nemanda, magni þess og umfangi. (Blaðsíðufjöldi, unninn tíma).
- Nútíma þjóðfélag gerir ekki ráð fyrir heimanámi.
- Að nemendum sé ljóst fram í tímann hvað á að gera.
- Heimanám er stundum ekki sáluhjálparatriði ef nemendur vinna vel í tímum.
- Setja fyrir heima.
- Upplýsa nemendur reglulega um stöðu sína.
- Skrá upplýsingar um heimanám t.d. í Angel; nýta kerfið á líkan hátt og Mentor.

3. Hvernig má bæta vinnuaðstöðu kennara utan kennslustofu?

- Allir kennarar fái eigin vinnuaðstöðu.
- Ljósritunaraðstaða sé víðar.
- Handbækur séu til staðar í öllum byggingum. (ath að greinar sem kenndar eru í öðrum húsum en í Odda þurfi ekki að bera handbækur á milli, eða þar sem þarf að senda nemendur á bókasafn.
- Fleiri litaprentara.
- Að litaður ljósritunarpappír sé til í ljósritunarherbergi.
- Fjölbreyttara gagnasafn (að það sé endurskoðað) (hugmynd: Hafa uppi töflu í Skúlaseið sem hægt er að skrifa það sem að vantar).
- Hlusta vel á óskir verkgreinakennar varðandi vélakaup og áhöld.
- Með skyldutiltekt í lok HVERRAR annar.
- Setja upp fóðruð skrifstofuskilrúm á milli skrifborða til að gefa betra næði.

- Mynda stefnu um vistun gagna – skjalavörslu.
- Vantar aðstöðu fyrir viðtöl og munnleg próf.
- Endurnýja þarf segulbönd og geislaspilara í sumum stofum.
- Við teljum hana vera í mjög góðu lagi, en aðalskilyrðið er að allir hafi sér vinnusvæði.
- Láta þá hafa sæmilegar skrifstofur. Annars eru menn í þessum hópi sáttnir við vinnuaðstöðu.
- Þyrfti að stækka vinnuborð og hillupláss fyrir hvern og einn.
- Brjóta stærstu rýmin niður í smærri einingar.
- Betri stóla (fyrir aldraða kennara sem orðnir eru í meirihluta).
- Ljósritunarvélar eru bilanagjarnar og plássið þröngt og loftlítið.
- Viðtalsherbergi vantar og afdrep fyrir símtöl.

4. Hvernig má mæta aðstöðuna í kennslurýminu/kennslustofunni?

